

Apríl 2021



# Þjóðarópera

Uppspretta nýsköpunar  
úr jarðvegi hefðar

---

Tillögur nefndar um stofnun þjóðaróperu

Skýrsla þessi inniheldur meirihluta- og minnihlutaálit nefndar sem skipuð var til þess að meta kosti og galla stofnunar þjóðaróperu í kjölfar setningar nýrra sviðslistalaga.

Ekki var samstaða í nefndinni og því inniheldur skýrslan tillögur beggja, auk ályktana sem nefndinni bárust.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur gögn þessi og sjónarmið til hliðsjónar við frekari vinnslu málsins.

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

Sölvhólsgötu 4 – 101 Reykjavík  
545 9500 | [mrn@mrn.is](mailto:mrn@mrn.is)

Apríl 2021

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur</b> .....	<b>4</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>Aðferð</b> .....	<b>8</b>
<b>Tillögur nefndarinnar</b> .....	<b>12</b>
Leið 1. ....	17
Leið 2. ....	18
Leið 3. ....	19
Leið 4. ....	21
<b>Minnhlutaálit</b> .....	<b>24</b>
<b>Umræða</b> .....	<b>34</b>
<b>Samantekt</b> .....	<b>35</b>
<b>Tilvísanir</b> .....	<b>36</b>
<b>Viðauki og ályktanir</b> .....	<b>52</b>

# Útdráttur

Breytingar á lagalegu umhverfi sviðslista á Íslandi hafa á liðnum áratug verið viðfangs-efni fagstétta, framkvæmdavaldsins og löggjafans og miðað að því að skapa listgreinum nútímalegan og raunsannan lagaramma. Flutningur söngverka fyrir svið á sér langa sögu á Íslandi og endurskoðun á lagaumhverfi óperunnar kallar á greiningu á sögulegri þróun frá áhugamennsku til atvinnumennsku, fjárhagslegri stöðu í ljósi fjárfestinga í menntun og rekstri og hvernig framtíðarskipan listformsins verði best hagað hér á landi. Fjárveitingar til málaflokksins hafa runnið til einkaaðila á grundvelli óskýrra markmiða sem kallar á breytingar á lögum og ríkari ábyrgð löggjafar- og framkvæmdavaldsins.

Þann 17. nóvember 2020 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneyti nefnd til að kanna og vinna tillögur um stofnun þjóðaróperu á Íslandi. Nefndinni var falið að kanna nánar fjórar leiðir sem mennta- og menningarmálaráðuneytið tilgreindi sérstaklega í minnisblaði ráðherra til ríkisstjórnar 15. febrúar 2019. Komst meirihluti nefndarinnar að eftirfarandi niðurstöðu:

**Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á lögum um sviðslistir og lögfesti stofnun þjóðaróperu á yfirstandandi þingi í þeim tilgangi að gera að veruleika nýjan starfsvettvang fyrir söngvara, hljómlistarmenn, tónskáld, textasmiði og annað listafólk sem sinna kann óperulistinni sem alltof lengi hefur verið hornreka í íslensku menningarlífi. Jafnframt leggur nefndin til að skipaður verði faglegur starfshópur sem sinnir uppbyggingu innviða og listrænna möguleika þjóðaróperu sem tekur mið af sérstæðu og þörfum íslensks menningarlífs.**

**Meirihluti nefndarinnar skilar jafnframt inn drögum að frumvarpi sem fellur vel að nýjum lögum um sviðslistir og tekur einkum mið af ákvæðum laganna sem fjalla um danslistir. Meirihlutinn leggur til að drögin fari í frekari vinnslu í ráðuneytinu.**

**Tveir nefndarmanna lögðu fram sérálit, Hjálmar H. Ragnarsson og Soffía Karlsdóttir. Tveir nefndarmanna, Gísli Rúnar Pálmason og Steinunn Sigvaldadóttir, lýstu sig hlutlaus er kom að starfslokum nefndarinnar.**

Ísland býr yfir óþrjótandi auðæfum fólgin í hugviti listafólks. Íslensk þjóðarópera getur gengið fremst í flokki við endurnýjun óperuformsins með því að hlúa sérstaklega að frumsköpun sem á uppruna sinn í íslensku samfélagi 21. aldarinnar. Nauðsynlegt er að skapa traust og byggja upp stofnun sem á í samstarfi og lifandi innihaldslegu samtali við aðrar liststofnanir og grasrótina í landinu.

Stofnun Þjóðaróperu felur ekki aðeins í sér tækifæri til að móta nýjar áherslur á listrænum vettvangi, heldur ætti einnig að endurskoða uppbyggingu stofnunarinnar með sveigjanlegt og fjölskrúðugt menningarlíf landsins alls að útgangspunkti. Þannig mætti endurskoða og útfæra nýstárlegar hugmyndir um fjármögnun, stjórnunar-einingu, framkvæmdasvið, samsetningu listamanna og listræna stefnumótun. Hinn samfélagslegi og listræni ávinningur sem hlytist með stofnun Þjóðaróperu, sem byggði á skilgreiningum sviðslistalaga um menningarlegt hlutverk, vegur hvað þýngst í áliti meirihluta nefndarinnar og að mati yfirgnæfandi meirihluta fagaðila sem hún ráðfærði sig við.

Þjóðarópera öðlast ekki sjálfkrafa lögmæti með stofnun hennar. Hún, líkt og allar opinberar menningarstofnanir, mun þurfa að viðhalda gildi sínu og eiga í stöðugu samtali við það samfélag sem hún þjónar. Hún viðheldur stöðu sinni einungis með því að takast á við listrænar áskoranir, framleiða verk sem hafa sterkt listrænt vægi og nýta fjármuni almennings með ábyrgum hætti.



# Inngangur

Þann 17. nóvember 2020 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið nefnd til að kanna og vinna tillögur um stofnun þjóðaróperu á Íslandi. Í nefndina voru skipuð eftirfarandi:

---

**Páll Baldvin Baldvinsson (formaður), skipaður án tilnefningar**

---

**Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi, tilnefnd af Íslensku óperunni**

---

**Þóra Einarsdóttir, söngkona og sviðsforseti tónlistar og sviðslista Listaháskóla Íslands, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna**

---

**Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld, tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna**

---

**Arnbjörg María Danielsen, leikstjóri, framleiðandi og dagskrárstjóri Norræna hússins, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna**

---

**Gísli Rúnar Pálmason, sérfræðingur mennta- og menningarmálaráðuneyti, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti**

---

**Steinunn Sigvaldadóttir, sérfræðingur fjármála- og efnahagsráðuneyti, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti**

---

Í erindisbréfi nefndarinnar segir að hún sé skipuð samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 165/2019, grein 21 til „að gera tillögur um stofnun þjóðaróperu ... kostir og gallar hafa þegar verið kannaðir en þarfnast ítarlegri skoðunar í meðförum nefndarinnar. Mælst er til þess að nefndin ljúki störfum fyrir 31. janúar 2021.“<sup>1</sup>

Ákvæðið í nýjum sviðslistalögum byggðist á minnisblaði mennta- og menningarmálaráðherra Lilju D. Alfreðsdóttur til ríkisstjórnar dagsettu þann 15. febrúar 2019.<sup>2</sup> Minnisblað til ríkisstjórnar byggist á vinnu í mennta- og menningarmálaráðuneyti árið 2018.

Krafa um stofnun þjóðaróperu kom fram þegar drög að nýjum sviðslistalögum voru boðuð í samráðsgátt og efldist eftir að drögin voru síðan birt.<sup>3</sup>

Í frekari vinnu innan mennta- og menningarmálaráðuneytis er kynningartími samráðsgáttar var yfirstaðinn voru ýmis álitamál varðandi þjóðaróperu skoðuð.<sup>4</sup> Þótti sýnt að samningar ráðuneytis við Íslensku óperuna ses. til 31. desember 2019 um reglulegan flutning á sígildum óperum kynni að brjóta í bága við lög um opinber fjármál (123/2015, 42. grein) eins og vikið er að í minnisblaði ráðherra til ríkisstjórnar.

Í frumvarpi ríkisstjórnar til nýrra sviðslistalaga sem kom fram öðru sinni á haustþingi 2019 var valin fyrri tillaga ráðherra í minnisblaði frá 15. febrúar 2019 og bætt við bráðabirgðaákvæði III svo sem að ofan greinir.

Þrátt fyrir tilmæli bráðabirgðaákvæðis III um að nefndin skyldi skipuð þegar eftir gildistöku þann 1. júlí 2020 var hún ekki skipuð fyrr en 17. nóvember sama ár og var ætlað að skila niðurstöðum þann 31. janúar 2021. Settu fundatakmarkanir svip sinn á starf nefndarinnar sem fundaði reglulega með stafrænum búnaði.

Í skipunarbréfi var nefndinni ekki gefinn fjárhagslegur rammi sem mótaði starfið en miðað var við það fjárframlag til stuðnings óperustarfsemi sem tilgreint er í þriggja ára áætlun mennta- og menningarmálaráðuneytis samkvæmt lögum um opinber fjármál (123/2015) og styrkhlutfall síðustu ára frá Sviðslistaráði til sjálfstæðra leikhópa og úr launasjóðum listamannalauna.

<sup>1</sup> Skipunarbréf. MMR20080111/2.3.20.

<sup>2</sup> Minnisblað til ríkisstjórnar 15. febrúar 2021.

<sup>3</sup> Samráðsgátt: Áform. Nr. S-142/2018. Mál nr. 142/2018: #5, #6. Drög. Nr. S-182/2018. Mál nr. 182/2018: #7, #8, #10.

<sup>4</sup> Sjá minnisblað Arnfríðar Sólrúnar Valdimarsdóttur sérfræðings og Páls Baldvins Baldvinssonar ráðgjafa, dags. 10.12.2018 og minnisblað skrifstofu menningarmála dags. 20.12.2018.

# Aðferð

Starfstími nefndarinnar stóð frá skipun til skiladags og fór starfið fram á fjarfundum sem urðu alls tíu. Var gögnum deilt jafnharðan og þeirra var aflað með stafrænum hætti. Ekki var gengið frá skipun tilnefningar fjármála- og efnahagsráðuneytis fyrr en í upphafi árs og kom Steinunn Sigvaldadóttir þá til starfa.

Drögum að tveimur álitum var skilað til ráðuneytis þann 31. janúar. Fór ráðherra þess á leit við nefndarformann á fundi þann 25. febrúar að þau væru sameinuð í eitt og var nefndinni gefinn aukinn starfstími til þess. Ekki náðist samstaða í nefndinni um sameiginlega niðurstöðu.

Víðtækt samráð var haft við fagvettvang. Leitað var til eftirtalinna stofnana eftir upplýsingum og álitum:

---

**Íslenska óperan ses.**

---

**Þjóðleikhúsið**

---

**Leikfélag Reykjavíkur ses./Borgarleikhúsið**

---

**Meningarfélag Akureyrar ses.: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands/Leikfélag Akureyrar**

---

**Sviðslistaráð/Rannís**

---

**Tónverkamiðstöð Íslands**

---

**Harpa**

---

**Íslenski dansflokkurinn**

---

**Listaháskóli Íslands ses.**

---

**Háskóli Íslands**

---

**Sena Live**

---

**Félag íslenskra hljómlistarmanna**

---

**Félag leikstjóra á Íslandi**

---





---

**Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks**

---

**Listahátíð í Reykjavík**

---

**Klassís - félag klassískra söngvara á Íslandi**

---

**Söngskóli Sigurðar Demetz**

---

**Söngskólinn í Reykjavík**

---

**Dansverkstæðið**

---

**Háskólabíó**

---

**Gamla bíó**

---

**Kópavogsbær**

---

**Félag stjórnenda og kennara í tónlistarskólum**

---

**SAFAS - Samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum**

---

Þá var leitað til fjölda einstaklinga á fjárfundum og óskað álits þeirra á viðfangsefni nefndarinnar. Þeir voru:

---

**Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri, fyrrum leikhússtjóri Borgarleikhússins og leikstjóri**

---

**Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur, formaður þjóðleikhússráðs, fyrrum forstjóri Hörpu**

---

**Kolbrún Halldórsdóttir leikstjóri og fyrrum forseti Bandalags íslenskra listamanna**

---

**Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins og leikstjóri**

---

**Marta Nordal, leikstjóri og leikhússtjóri MAK**

---

**Þorvaldur B. Þorvaldsson, tónlistarstjóri MAK og tónlistarmaður**

---



---

**Þuríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri MAK**

---

**Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari, skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz**

---

**Ása Fanney Gestsdóttir, formaður Klassís og Vínafélags Íslensku Óperunnar**

---

**Kristinn Sigmundsson óperusöngvari**

---

**Dísella Lárusdóttir óperusöngkona**

---

**Gissur Páll Gissurarson óperusöngvari**

---

**Friðþjófur Þorsteinsson, ljósahönnuður og framleiðandi**

---

**Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahönnuður**

---

**Lára Sóley Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

---

**Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu**

---

**Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri**

---

**Bjarni Frímann Bjarnason hljómsveitarstjóri**

---

**Þórunn Gréta Sigurðardóttir tónskáld, formaður Tónskáldafélags Íslands**

---

Einnig var leitað til eftirtalinna:

---

**Bjarki Sveinbjörnsson, sérfræðingur Þjóðarbóklöðu**

---

**Guðvarður Gíslason, veitingamaður Gamla bíói**

---

**Úlfar Þórðarson, verkefnastjóri Gamla bíói**

---

**Magnús Árni Skúlason hagfræðingur, fyrrum framkvæmdastjóri Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins**

---

**Ólöf Ingólfssdóttir, Dansverkstæði**

---

**Ísleifur Þórhallsson, verkefnastjóri Sena Live**

---



---

**Kári Gíslason, skipulagsstjóri Borgarleikhússins**

---

**Andri Guðmundsson, tæknistjóri Hörpu**

---

**Elva Dögg Melsteð, skipulagsstjóri Hörpu**

---

**Árni Heimir Ingólfsson, listrænn ráðgjafi Sinfóníuhljómsveitar Íslands**

---

**Hlynur Páll Pálsson, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins**

---

**Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands**

---

**Þorvaldur Kolbeins, rekstrarstjóri Háskólabíós**

---

Þá var leitað eftir ráðgefandi samtölum og skriflegum svörum frá eftirtöldum aðilum:

---

**Kasper Holten, leikhússtjóri á Konunglega danska leikhúsinu, leikstjóri, fyrrum stjórnandi Konunglegu óperunnar í Covent Garden**

---

**Laura Berman, óperustjóri ríkisóperunnar í Hannover, Þýskalandi og fyrrverandi óperustjóri Theater Basel í Sviss**

---



Til nefndarinnar bárust samþykktir frá neðangreindum félögum: stjórn FÍT, klassískrar deildar FÍH, Klassís, fagfélags klassískra söngvara á Íslandi, stjórn Bandalags íslenskra listamanna, frá hópi sjötíu ungra söngvara og stjórn Tónskáldafélags Íslands.<sup>5</sup>

Nefndin hefur haldið fundargerðir um störf sín auk þess sem nefndarmenn hafa lagt fram minnisblöð um ýmislegt er varðar rannsóknarsviðið. Fundargerðir og minnisblöð hafa verið vistuð í málaskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis og eru því heimild um nefndarstörf þó að ekki séu þau eiginlegur hluti skýrslunnar.

---

<sup>5</sup> Sjá ályktanir aftast í skýrslunni.

# Tillögur nefndarinnar

Að meirihlutaálit nefndarinnar standa Arnbjörg María Danielsen, Páll Baldvin Baldvinsson og Þóra Einarsdóttir.

Nefndin að undanskildum Soffíu Karlsdóttur og Hjálmarí H. Ragnarssyni leggur til að mennta- og menningarmálaráðherra beri fram frumvarp til breytinga á lögum um sviðslistir og lögfesti stofnun þjóðaróperu á yfirstandandi þingi í þeim tilgangi að gera að veruleika nýjan starfsvettvang fyrir söngvara, hljómlistarmenn, tónskáld, textasmiði og annað listafólk sem sinna kann óperulistinni og alltof lengi hefur verið hornreka í íslensku menningarlífi. Jafnframt leggur nefndin til að skipaður verði faglegur starfshópur sem sinnir uppbyggingu innviða og greinir listræna möguleika þjóðaróperu sem tekur mið af sérstöðu og þörfum íslensks menningarlífs.

Samin hafa verið drög að frumvarpi sem meirihluti nefndarinnar telur falla vel að nýjum lögum um sviðslistir. Frumvarpsdrögin taka einkum mið af ákvæðum laganna sem fjalla um danslistir (sjá viðauka). Lagt er til að drögin fari til frekari vinnslu í ráðuneytinu og síðar í samráðsgátt stjórnarráðsins.

## Rökstuðningur meirihluta nefndarinnar er eftirfarandi:

Ísland býr yfir óþrjótandi auðæfum fólgin í hugviti listafólks. Ópera er það listform sem sameinar öll listform í heilðræna upplifun. Íslenskir listamenn standa í framvarðarsveit alþjóðlega og er hlutfall söngvara, tónskálda, tónlistar- og sviðslistafólks sem njóta velgengni og virðingar á erlendum vettvangi einstakt. Þessi frjóí jarðvegur getur lagt grunn að þjóðaróperu sem tekur mið af sérstöðu íslensks listasamfélags og menningar.

Íslensk stjórnvöld standa nú frammi fyrir þeirri grundvallarspurningu, hvort vilji sé fyrir stofnun þjóðaróperu sem hlúir að starfsvettvangi allra þeirra greina er koma að sköpun óperu. Það er álit nefndarinnar og þorra þeirra álitsgjafa sem leitað var til að nauðsynlegt sé að trygg lagaleg umgjörð verði sett í því skyni að skapa þeim listamönnum og sérhæfðu tæknilegu starfsstéttum sem hafa kappkostað að sækja sér menntun og reynslu jafnt hér á landi sem erlendis stöðugan vettvang með skýrt opinbert menningarlegt hlutverk til að þróa óperu sem á erindi við íslenskan samtíma.

Óperustofnanir samtímans eiga rætur sínar að rekja til djúpstæðra evrópskra hefða sem hafa þróast í 400 ára sögu óperunnar, með ríkar rætur í menningu forngríska leikhússins. Þeim ber að varðveita dýrmætt form listrænnar tjáningar en á sama tíma fylgja kröfum samtímans um framþróun listformsins, nýsköpun, fræðslu og samtál.



Með reglubundnu millibili hefur óperuformið endurnýjast í takt við tíðaranda og samfélagslega þróun. Íslensk þjóðarópera getur gengið fremst í flokki í endurnýjun óperuformsins með því að hlúa sérstaklega að frumsköpun sem á uppruna sinn í íslensku samfélagi 21. aldarinnar. Slíkar áherslur munu tala inn í íslenskan samtíma, setja okkur í samhengi við umheiminn og glæða áhuga áheyrenda jafnt hér á landi sem erlendis. Jafnframt teljum við nauðsynlegt að skapa traust og byggja upp stofnun sem á í samstarfi og lifandi innihaldslegu samtali við aðrar liststofnanir og grasrótina í landinu. Stofnun þjóðaróperu felur ekki aðeins í sér tækifæri til að móta nýjar áherslur á listrænum vettvangi, heldur ætti einnig að endurskoða uppbyggingu stofnunarinnar með sveigjanlegt og fjölskrúðugt menningarlíf landsins alls að útgangspunkti. Þannig mætti endurskoða og útfæra nýjar hugmyndir um eftirfarandi:

- 
- Uppbyggingu kjarnastarfsemi með teymi stjórnar, framkvæmdastjóra og listrænna starfsmanna.
- 
- Nýjar útfærslur á samsetningu fastráðinna söngvara, kórs og hljómlistarmanna út frá þörfum þjóðaróperu og hlutverki hennar á landsvísi, með aukna framleiðni, fjölbreytni í samstarfsverkefnum og sérstöðu að leiðarljósi.
- 
- Skilvirka og faglega samþættingu tæknilegra þátta og verkstæða. Hugsanleg samlegðaráhrif af samnýtingu með öðrum listastofnunum ríkisins: Þjóðleikhúsi, Íslenska dansflokknum, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Ríkisútvarpi og Hörpu.
-

- 
- Uppbyggingu kjöraðstæðna fyrir þróun nýrra verka í samstarfi við tónskáld og aðra sviðslistahöfunda.
- 
- Auknar og róttækar áherslur í fræðslustarfi. Fjölmarginir viðmælenda nefndarinnar komu inn á mikilvægi þess að þjóðarópera sinni samfélagslegri ábyrgð á sviði fræðslumála. Það er ekki síst á þessu sviði sem stofnun þjóðaróperu býður upp á tækifæri sem getur haft umtalsverð áhrif sem nýttast samfélaginu í heild sem sameinandi afl menntunar og menningar.
- 
- Aukin tækifæri í samvinnu við menningarstofnanir á landsvísu. Skoða þyrfti sérstaklega aukið samstarf við Menningarhúsið Hof á Akureyri, svo og nýtingu á öðrum rýmum í öllum landsfjórðungum fyrir sérstök verkefni. Sérstaklega mætti kanna samstarf um sjálfstæða óperuhátíð á Akureyri sem lyftistöng fyrir menningarlíf norðanlands og menningartengda ferðapjónustu.
- 
- Ávinning af skipulegu samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og þá fjölmörgu sjálfstæðu tónlistarhópa sem hafa sérhæft sig í flutningi nýrra verka og nútímallegri nálgun á eldri tónbókmenntir eins og CAPUT, Nordic Affect, Elju, Barokk-sveitina Brák, Elektru, Ensemble Adapter, Duo Harpverk og Kammersveit Reykjavíkur.
- 
- Virkja enn frekar gæfuríkt samstarf og fléttun samstarfsverkefna við grasrót og hátíðir á borð við Myrka músíkdaga, Óperudaga, Listahátíð, Skálholts-hátíð og þær fjölmörgu hátíðir er fara fram árlega á landsvísu
- 
- Áherslur í tengslum atvinnumanna og nýliða innan óperu með tilkomu samstarfs við tónlistarskóla um vettvang fyrir fræðslu og þjálfun. Sérstaklega má athuga samstarf við Listaháskóla Íslands um óperustúdíó, alþjóðlegt samstarf og rannsóknir.
- 

Í ítarlegum störfum nefndarinnar við yfirferð gagna og í viðtölum við þá fjölmörgu fagaðila sem lögðu starfinu lið með þekkingu sinni og reynslu má vera ljóst að samfélagslegur og listrænn ávinningur sem hlytist af stofnun þjóðaróperu, sem byggist á skilgreiningum sviðslistalaga um menningarlegt hlutverk, vegur hvað þungst í álitni nefndarinnar og er stutt yfirgnæfandi meirihluta þeirra fagaðila sem hún ráðfærði sig við.

Þjóðarópera öðlast ekki sjálfkrafa lögmæti með stofnun hennar. Hún, líkt og allar opinberar menningarstofnanir, mun þurfa að viðhalda gildi sínu og eiga í stöðugu samtali við það samfélag sem hún þjónar. Hún viðheldur stöðu sinni einungis með því að takast á við listrænar áskoranir, framleiða verk sem hafa sterkt listrænt vægi, stuðla að heilbrigðu og skapandi starfsumhverfi fyrir listamenn og nýta fjármuni almennings með ábyrgum hætti:

”

It feels very important to embrace a national company as something important to the nation's identity and citizens, regardless of the ownership and governance model chosen. I don't think one can overestimate the importance of having a clear mandate in terms of legislation, but on the other hand one should never expect to be able to take that as a sleeping pillow. We continuously need to work for the legitimacy of our institutions, by the work we do, and in a way the development has overtaken this question: Thirty years ago public institutions maybe had automatic legitimacy in the eyes of the population, as part of a national system for education and culture. Today, any organization only has the legitimacy that it earns, so legitimacy can not be secured once and for all but must be won again and again and again. As such, the purpose and the way such an institution will work is very important.

*Kasper Holten, leikhússtjóri Konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn, 2021.<sup>6</sup>*

Mikilvægt er að stjórnvöld, listamenn og samfélagið í heild stofni til samtals um grundvallarhugmyndir varðandi stöðu og framtíð óperulistformsins:

”

The first thing a government has to ask itself is what is its position on the arts in society in the country. That for me is the fundamental question. In Germany there is a big movement now to ensure that the arts have a position in the constitution. And even if it is just about founding one little opera house, answering these questions first is really important because it guarantees the position of the organisation in society and what it stands for. It guarantees a commitment to the relevance of the arts in society. In many countries, governments pose the question -what art form is relevant in our country and why?-. I think in Iceland music is a definitive strength. And it seems like a natural step to found a national opera. It is a big step. It means the government has decided it wants to ensure the existence of this form of organisation for the future. That it is important to them, in their society, to have it.

*Laura Berman, óperustjóri ríkisóperunnar í Hannover, 2021.<sup>7</sup>*

<sup>6</sup> Svar við spurningum nefndarinnar dags. 25.1.2021.

<sup>7</sup> Svar við spurningum nefndarinnar dags. 25.1.2021.

Yfirgnæfandi meirihluti viðmælenda nefndarinnar mælti með stofnun þjóðaróperu:

”

Kostirnir við þetta fyrirkomulag eru ótvíræðir. Óperustarfsemi yrði á föstum fjárlögum og þess vegna má búast við meiri festu í starfseminni. Góð óperuuppfærsla þarf langan meðgöngutíma. Slíku hefur ekki oft verið að heilsa í Íslensku óperunni, þar sem ákvarðanir hafa oft verið teknar á síðustu stundu, vegna óvissu um fjármögnun. Erlendis þar sem ég þekki til, eru áætlanir oft gerðar a.m.k. með tveggja ára fyrirvara. Sá fyrirvari getur verið nauðsynlegur þegar um er að ræða stór og krefjandi verk. Stór hlutverk þarfnast langs undirbúningstíma. Ópera er dýr listgrein. Ef hægt er að samnýta starfskraft og aðstöðu undir einum hatti, er hægt að halda kostnaðinum betur í skefjum.

*Kristinn Sigmundsson, 2021.<sup>8</sup>*

Í fjölda viðtala við listamenn og fagaðila kom fram sterk krafa um bætt starfsumhverfi og aukna fagmennsku á vettvangi óperu:

”

Söngvarar þurfa að geta helgað listinni starfskrafta sína óskipta. Á Íslandi er enginn söngvari fastráðinn. Óperan þarf að njóta fastráðningar á sama hátt og atvinnuleikhúsin, Íslenski dansflokkurinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Áður en það gerist, búum við við áhugamannaóperu. Við eigum fjöldann allan af góðum óperusöngvurum. Margir þeirra starfa erlendis og suma þeirra höfum við hvorki séð né heyrt á íslensku óperusviði. Sinfóníuhljómsveit Íslands er stórkostleg og í stanslausum vexti. Við erum stolt af henni. Þar skiptir miklu að hún hefur á að skipa fjölda fastráðinna hljóðfæraleikara. Það sama gildir um atvinnuleikhúsin og sýningar þeirra. Ég vona að við getum orðið jafn stolt af þjóðaróperunni.

*Kristinn Sigmundsson, 2021.<sup>9</sup>*

<sup>8</sup> Minnisblað KS móttekið 23.1.2021.

<sup>9</sup> Minnisblað KS móttekið 23.1.2021.



Greining á leiðum samkvæmt minnisblaði 15. 2. 2019.<sup>10</sup>

## Leið 1.

---

 Gera nýjan samning við Óperuna og grípa til aðgerða komi fram athugasemdir við það fyrirkomulag.
 

---

Nefndin telur óráðlegt að framkvæmdavaldið tefli í tvísýnu framtíð óperustarfsemi á Íslandi með aðgerðum sem kunna að vera brot á lögum. Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins frá 10.12.2020 í máli Hraðbrautar ehf. gegn mennta- og menningarmálaráðuneytinu<sup>11</sup> kveður á um að almannþjónusta sem sé skipulögð og fjármögnuð að mestu af hinu opinbera sé ekki útboðsskyld þjónusta í skilningi laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

Mögulegt er að heimfæra þessa niðurstöðu yfir á óperustarfsemi en hún hefur talist til lögbundinna verkefna ríkisins frá 1947 er lög um Þjóðleikhús Íslands voru sett (2. gr.)<sup>12</sup>, síðar í leiklistarlögum nr. 33/1977 og nr. 138/1998 og nú síðast í lögum um sviðslistir nr. 165/2019.

Lög um opinber fjármál nr. 123/2015 tóku gildi 1. janúar 2016. Lög þessi hafa nokkur áhrif á meðferð skuldbindandi langtímasamninga enda færa þau fjárveitingar til einstakra aðila úr fjárlögum og í hendur viðkomandi fagráðuneytis, s.s. ákvörðun um framlag til einkaaðila er orðin að stjórnvaldsákvörðun og eiga m.a. ákvæði stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 við um þær.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti gerir samninga við ýmsa aðila á grundvelli heimilda í lögum um opinber fjármál, annars vegar út frá 40. gr. laganna varðandi framkvæmdir, rekstur eða önnur afmörkuð verkefni og hins vegar út frá 42. gr. þar sem ráðherra er heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá málaflokka sem þeir bera ábyrgð á.

---

<sup>10</sup> Minnisblað 15. febrúar 2019.

<sup>11</sup> Fylgiskjal 8. Mál E-13/19. BEIÐNI, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, frá kærunefnd útboðsmála, máli sem þar er til meðferðar Hraðbraut ehf. gegn mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Verzlunarskóla Íslands ses., Tækniskólanum ehf. og Menntaskóla Borgarfjarðar ehf., um túlkun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB, einkum 9. lið 1. mgr. 2. gr. og 74. gr. hennar. Sótt 22.1.2021.

<sup>12</sup> Lagatextinn er prentaður í Lagasafni (1947), dálkur 5-6, bls. 86. Efni er endursagt í Tímanum bls. 1,4. 85, tbl. 8.5. 1947. Árg. 31.

Við val á samningsaðila á grundvelli 40. gr. gilda, eftir því sem við á, lög um opinber innkaup, eða stjórnarsýslulög eigi lög um opinber innkaup ekki við. Varðandi úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

Endurnýjun á tímabundnum samningi við einn aðila í tiltekinni starfsgrein án opinbers ferlis eða auglýsingar getur falið í sér mismunun þegar á sama vettvangi eru margir hópar sem sinna sambærilegum verkefnum í sviðslistum, sbr. m.a. þau sjónarmið sem fram koma í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4351/2005 að það sé í samræmi við jafnræðisreglur stjórnarsýsluréttarins að auglýsa þá fjármuni sem stjórnvaldið hyggst ráðstafa.<sup>13</sup>

**Því er mælt gegn þessari leið í minnisblaði ráðherra frá 15. febrúar 2019.**

## Leið 2.

Skemmri samning við Óperuna og hefja jafnframt undirbúning að stofnun þjóðaróperu með nýjum kafla í frumvarpi til sviðslistalaga sem njóti sama framlags úr ríkissjóði.

Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íslensku óperunnar ses. rann út 31. desember 2019. Áætlun ríkisstjórnar um frumvarp til laga um sviðslistir, sem var meðal þingmála hennar á Alþingi 2019, leiddi til þess að haldið var áfram áður um sömdum greiðslum til Íslensku óperunnar ses. allt árið 2020 og það sem af er árinu 2021 þó ekki væru gerðir samningar milli aðila, enda gerði bráðabirgðaákvæði III í samþykktum lögum um sviðslistir, sem tóku gildi 1. júlí 2020, ráð fyrir því nefndarstarfi sem hér er gerð grein fyrir.

Óvissa hefur ríkt um stöðu Íslensku óperunnar allt frá því áform um ný sviðslistalög voru kynnt á samráðsgátt þann 27. september 2018. Ekki er þó tekin afstaða til framtíðar Íslensku óperunnar ses., enda er ekki gert ráð fyrir því í erindisbréfi nefndarinnar.

<sup>13</sup> <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/1181/skoda/reifun>. Sótt 23.1.2021.

## Leið 3.

Stofna sérstakan sjóð til stuðnings óperuflutningi sem væri í umsjón sviðslistaráðs líkt og verkefnasjóðir sviðslista. Þar eru nú til úthlutunar til allra sviðsverka um 200 m.kr. og væri nýr óperusjóður með svipað fjármagn og verkefnasjóður sviðslista.

Síðastliðið haust bárust 143 umsóknir frá sviðslistahópum til sviðslistaráðs og sótt var um ríflega 738 milljónir króna. Veitti sviðslistaráð 30 aðilum styrki og nam hæsti styrkurinn kr. 11,2 milljónum. Sömu einstaklingar og skipa sviðslistaráð sitja ár hvert í fagnefnd sviðslista fyrir listamannalaun sem tryggir viðbótarframlag til styrkþega ráðsins. Listamannalaun 2021 til sviðslistamanna nema á þessu ári 307 launamánuðum: 15 einstaklingar fengu 59 starfsmánuði en úthlutanir tengdar verkefnum voru 148 mánuðir til 26 verkefna.<sup>14</sup>

Samkvæmt yfirliti Rannís sem hefur umsjón með reiðum sviðslistaráðs og listamannalauna hafa tólf hópar fengið styrki til óperusviðsetninga frá 2013 til 2021 að fengnum 43 umsóknum. Við þær hafa tengst 90 launamánuðir frá listamannalaunum.<sup>15</sup>

Rannís heldur einnig utan um úthlutanir tónlistarsjóðs sem veitir tvisvar á ári. Á sama árabili, 2013 til 2021, hafa til hans borist 25 umsóknir um stuðning við óperusviðsetningar og hafa tíu fengið styrki frá Tónlistarsjóði.<sup>16</sup>

Sviðslistahópar sækja einnig í aðra sjóði til óperustarfsemi: Menningarsjóð Reykjavíkur, Barnamenningarsjóð, til staðaráætlana og í menningarsjóði sveitarfélaga en þeirra framlag er í flestum tilvikum lægra en styrkir sviðslistaráðs og listamannalauna. Þá sækja margir um listamannalaun til starfslaunasjóð tónlistarflytjenda og tónskálda vegna starfa við óperuverk.

Samkvæmt gögnum hafa frá 2000 komið fram yfir 80 ný íslensk óperuverk, sum þeirra sem voru flutt á sviði nutu styrkja frá sviðslistaráði og listamannalaunum, önnur ekki og eru þá frátalin mörg óperuverk íslensk sem flutt voru erlendis.<sup>17</sup>

<sup>14</sup> <https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-svidslistasjodi-fyrir-arid-2021>. Sótt 22.1.2021.

<sup>15</sup> Sjá Fylgiskjal nr. 27. a-b.

<sup>16</sup> Sjá Fylgiskjal nr. 28. c.

<sup>17</sup> Pétur Úlfarsson: Listi yfir íslensk tónleikhúsverk frá árinu 2000, bls. 25-37. Fylgiskjal: Ýmis gögn.



Á undanförunum fimm árum hefur umsóknum um styrki til óperuverka fjölgað verulega: frá og með 2018 eru umsóknir í sviðslistasjóð til yfir 20 óperuverka, en þá eru ótaldar umsóknir til samsköpunarverka, dansverka, verkefna fyrir börn og unglínga, brúðuleikhúss, sirkuss, hljóðvarpsverka, sviðsetninga á leikritum og rannsóknarverka.

Má ljóst vera af þessari upptalningu að ekki er mögulegt að draga eina grein sviðslista, óperuna, út úr þessari kvíku frumsköpunar í landinu og veita einum geira listalífsins forgang að tilteknu fjármagni umfram aðra.

Í starfi sviðslistasjóðs er jafnan litið til jafnvægis milli hinna fjölmörgu greina sviðslista á sama hátt og litið er til starfssvæðis og kynjahlutfalls við úthlutanir.

Ein meginástæða ásóknar sjálfstæðra óperuhópa í styrki sviðslistaráðs og annarra styrkaðila er að Íslenska óperan ses. hefur um langt skeið ekki talið það í sínum verkahring að sinna íslenskri óperusmíð.<sup>18</sup> Tvær stórar íslenskar óperur hafa komið á svið á hennar vegum frá 2000, en voru báðar frumfluttar af öðrum, Brothers af Jósku óperunni og Ragnheiður á Skálholtshátið kostuð af höfundum með tilstyrk einkaaðila.

Nefndin telur stofnun sérstaks óperusjóðs ekki til framdráttar starfi sjálfstæðra hópa í sviðslistum og brjóta í bága við almennar reglur stjórnsluréttarins um jafnræði. Óperulistformið hefur nú í auknum mæli fengið úthlutanir úr sviðslistasjóði og leggur meirihluti nefndar til að sá sjóður fái aukið svigrúm. Aukin gróska og möguleikar fyrir grasrótastarfsemi mun skila sér með jákvæðum hætti til þjóðaróperu.

<sup>18</sup> Sjá samning mennta- og menningarmálaráðuneytis við Íslensku óperuna um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum 24.4.2013 (fylgiskjal 40). Samþykktir fyrir Íslensku óperuna ses. 29.11.2019 (fylgiskjal 39).

## Leið 4.

### Setja á stofn þjóðaróperu með nýjum kafla í frumvarpi til sviðslistalaga.

Í lögum um Þjóðleikhús frá 1947 segir: „Höfuðhlutverk leikhússins skal vera að: 1) flytja íslenska og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa eftir því sem við verður komið.“<sup>19</sup> Fólst í ákvæðinu viðurkenning alþingis á því að þrjár höfuðgreinar sviðslista skyldu jafnrétt háar: Danslist, sönglist og leiklist. Lagasetning alþingis hefur æ síðan viðurkennt óperustarfsemi sem hluta af almannaþjónustu.

Stofnun þjóðaróperu felur í sér „*meiri samfélagslega ábyrgð á óperumálum*.“<sup>20</sup> Í lögum um sviðslistir nr. 165/2019 segir um hlutverk Þjóðleikhúss (II. kafli, 2. gr.): „Leikhúsið skal efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna á íslensku.“ Í 3. gr. segir: „... á hverju leikári séu frumflutt íslensk leikverk“. Stofnun þjóðaróperu „*eykur kröfu um að frumsmíðum tónskálda og texta-höfunda verði sinnt*“, en sá þáttur í menningu þjóðarinnar hefur lengi setið hjá borði og felst í stofnun þjóðaróperu „*ríkari viðurkenning fyrir listformið gagnvart öðrum listformum sem eiga skjól í stofnunum*“ á borð við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kvikmyndasjóð Íslands, Íslenska dansflokkinn og Þjóðleikhúsið.

Stofnun þjóðaróperu gæti „*aukið samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands*“ sem hefur frá 2011 verið markmið í samningum mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Íslensku óperuna ses. en reynst torsótt sökum kjarasamninga hljóðfæraleikara við fjármálaráðuneyti og stofnanasamnings SÍ við Starfsmannafélag SÍ (gr. 6.3.1 og 6.3.4).<sup>21</sup> Kann þjóðarópera því að leita starfskrafta við undirleik á sýningum sínum utan þess hóps sem við SÍ er ráðinn og gæti þannig styrkt tónlistarlíf og atvinnutækifæri hljóðfæraleikara með afgerandi hætti.

Stofnun þjóðaróperu kallar á fastráðningar söngvara og þannig „*aukið starfsöryggi starfsmanna*“ úr þeirra hópi og gæti þannig leitt til „*meiri stöðugleik(a) þar sem ríkið er skuldbundið til að reka starfsemi sem byggir á kröfu um fagmennsku*“.

<sup>19</sup> Lagasafn (1947), dállkur 5-6, bls. 86.

<sup>20</sup> Skáletraðir setningahlutar eru sóttir í minnisblað ráðherra til ríkisstjórnar þann 15. febrúar 2019.

<sup>21</sup> Stofnanasamningur SÍ 20.5.2020. Sótt á heimasíðu FÍH 22.1.2021.

*„Að því gefnu að fjárframlög til starfseminnar verði aukin er fram líða stundir verða til fleiri störf og tækifæri fyrir listamenn og þannig nýtt sú fjárfesting í formi menntunar og námslána sem almannafé hefur veitt.“*

Stofnun Þjóðaróperu gefur „*möguleika á markvissara samstarfi við aðrar listastofnanir hér á landi og sjálfstæða hópa*“ sem hefur sýnt sig í samstarfi Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins við þá aðila.

Í minnisblaði ráðherra til ríkisstjórnar er vísað til „*minni kostnaður með samhæfðu markaðsátaki með samstarfsaðilum á borð við Þjóðleikhús, Sinfóníuhljómsveit Íslands og aðrar menningarstofnanir.*“ Í starfi nefndarinnar komu ítrekað fram hugmyndir um samstarf sviðslista- og tónlistarstofnana ríkisins á ýmsum sviðum: sameinuðu búningasafni, sameiginlegum rekstri saumastofu og smíðaverkstæða, rekstri á geymslum, samstarfi í markaðsstarfi sem getið er um hér að framan, sameiningu launafulltrúa og gjaldkera, samstarfi í framleiðslu verkefna og sýningarferðum og þjónustu vegna þeirra; þannig má lengi telja. Telur nefndin brýnt að listastofnanir á borð við Þjóðleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðaróperu vinni með skipulögðum hætti að hagræðingu verklegra þátta sem eru þeim sameiginlegir til að nýta sem best það fjármagn sem þeim er veitt af almannafé enda eru „*möguleikar á markvissara samstarfi við aðrar listastofnanir hér á landi og sjálfstæða hópa*“ vannýttir.

Þannig kallar starfsemi ofangreindra stofnana á skipulagt fræðslustarf í skólakerfi landsins sem er nauðsynlegt til að tryggja samfellda og lýðræðislega menntun barna og ungmenna í því menningarstarfi sem þjóðin ástundar, ekki einungis innan skólakerfisins heldur ekki síður innan tónlistarskólanna, sem hafa lyft grettistaki í tónlistarmenningu landsmanna sem skilar sér ekki aðeins í víðtækri almennri tónlistarmenntun heldur líka í samfelldri sókn íslenskra tónlistarmanna á erlenda markaði.

Í minnisblaði ráðherra er vikið að nokkrum ágöllum verði af stofnun Þjóðaróperu: „*Krafa um flutning á frumsömdum nýjum verkum eftir íslenska höfunda gæti rutt burt sívinsælum verkum óperunnar og þannig styggt traustan kaupendahóp.*“ Þjóðarópera verður að sinna arfi óperulistarinnar í 21. aldar samhengi, kynna séð og áður óséð verk frá fjögurra alda sögu listformsins sem veita áheyrendum kost á að víkka skynrænan sjóndeildarhring og tónheim, rétt eins og ný og þekkt erlend verk sem eiga erindi við samtíma okkar. Hún verður með skipulegum hætti að kanna eldri íslensk óperuverk, erindi þeirra til áhorfenda og listræna kosti þeirra.

Vinsælasta sýning Íslensku óperunnar er *Ragnheiður* eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson. Í marga áratugi hafa íslensk tónskáld sinnt tónsköpun sinni í sviðsetningum leikhúsanna og gefið þjóðinni nokkur vinsælustu sönglög þjóðarinnar

en óperuverk þeirra hafa fá komist á svið. Á sviðum stóru leikhúsanna keppa íslenskir söngleikir við erlenda, íslensk leikrit við erlend, á bókmenntasviðinu keppa íslenskir höfundar við erlenda starfsbræður sína á markaði, bæði í þýddum bókmenntum og verkum á frummáli og í erlendum þýðingum. Íslenskar kvikmyndir og leikið efni af ýmsu tagi keppir við erlent efni í kvikmyndahúsum og í hliðrænni og stafrænni dagskrá sjónvarpsstöðva. Frumsköpun íslenskra verka þarf að vera listrænt akkeri þjóðaróperu.

Er „*minni sveigjanleiki í starfsmannamálum hjá ríkisstofnunum?*“ Já, „*fylgja verður kjarasamningum og standa skil á opinberum gjöldum samkvæmt þeim.*“ Sviðslistamenn hafa lengi barist gegn „*sveigjanleika*“ í verktöku sem felur undirboð frá gildandi kjarasamningum, brot á almennum lögum um orlof, vanskil á lögbundnum gjöldum til lífeyrissjóða og tryggingargjaldi, og bera með sér veika stöðu starfsmanna gagnvart slysum þá þau henda og undanskot á opinberum gjöldum, auk hættu á brotum á jafnréttislögum.

„*Aukinn kostnaður ef starfsemi eykst til að koma til móts við auknar kröfur til ríkisstofnunar*“ er óhjákvæmilegur ef þjóðarópera nær fótfestu í menningarlífi landsmanna. Ekki hefur „*krafa um forgang íslenskra listamanna ... hamlaði aðkomu erlendra starfskrafta*“ til starfa hjá Íslenska dansflokknunum, Sinfóníuhljómsveit Íslands, í íslenskum kvikmyndaiðnaði eða til starfa í leikhúsum landsmanna.

Í starfi nefndarinnar var leitað til forstöðumanna skyldra menningarstofnana og leitað áhlits á ofangreindum ágalla við stofnun þjóðaróperu: „*Þrengt verður að sjálfstæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Þjóðleikhúss og Hörpu ef rekstraráðilum verður gert að auka samstarf.*“ Viðbrögð þeirra voru á einn veg: þeir fögnuðu framtíðarsamstarfi við þjóðaróperu kæmist hún á legg.

Því er það tillaga nefndarinnar að mennta- og menningarmálaráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á lögum um sviðslistir<sup>22</sup> og lögfesti stofnun þjóðaróperu á yfirstandandi þingi í þeim tilgangi að gera að veruleika nýjan starfsvettvang fyrir söngvara og hljómlistarmenn, tónskáld og textasmiði, og annað listafólk sem sinna kann óperulistinni sem alltof lengi hefur verið hornreka í íslensku menningarlífi. Jafnframt leggur nefndin til að skipaður verði faglegur starfshópur sem sinnir uppbyggingu innviða og listrænna möguleika þjóðaróperu sem tekur mið af sérstæðu og þörfum íslensks menningarlífs.

Nefndin leggur fram drög að slíku frumvarpi sem fellur að nýjum lögum um sviðslistir og tekur einkum mið af ákvæðum laganna sem fjalla um danslistir (sjá viðauka). Nefndin leggur til að drögin fari í frekari vinnslu í ráðuneytinu og síðan í samráðsgátt stjórnarráðsins.

<sup>22</sup> Sjá drög að frumvarpi, viðauki 1.

# Minnihlutaálit

Nefndarmennirnir Hjálmar H. Ragnarsson og Soffía Karlsdóttir leggja fram sérálit:

## Álitsgerð um stofnun þjóðaróperu

Við undirrituð nefndarmenn í nefnd um þjóðaróperu leggjum hér fram álitsgerð okkar um stofnun þjóðaróperu, sem felur í sér þrjá ólíka kosti varðandi áherslur og fyrirkomulag óperustarfsemi í landinu. Niðurstöður okkar byggjum við á þeim gögnum sem nefndin hefur aflað sér á starfstímanum og á ítarlegum viðtölum við hóp gesta úr listalífnu.

Við gerum ekki upp á milli tillagnanna að öðru leyti en því, að við teljum fyrstu tillöguna vera mest spennandi fyrir listalífið og tala beint inn í samtímann og samfélagið eins og það er nú. Tillagan byggir á því að fjárfesta í nýsköpun og framþróun til að geta byggt upp til framtíðar.

Önnur tillagan er hliðstæðust því fyrirkomulagi sem hefur verið tíðkað hér síðustu áratugina, en gerir auknar kröfur til rekstraraðila um gagnsæi í stjórnsýslu og eftirliti. Það fyrirkomulag hefur að okkar mati skilað góðum listrænum árangri innan þeirra marka sem eru sett.

Þriðja tillagan, ríkisrekstur, skapar meiri samfellu og stöðugleika til lengri tíma en hinar tillögurnar, en þá jafnframt á kostnað sveigjanleika, aðlögunarhæfni, og viðbragðsflýttis í ákvörðunum. Verði farið að þessari tillögu fjölgar föstum stöðum fyrir óperusöngvara umtalsvert frá því sem nú er.

Við höfum hvorki tíma né aðstöðu til að kostnaðargreina tillögurnar með nokkurri nákvæmni, en teljum þó alveg ljóst að ríkisreksturinn, 3. tillagan, kalli á umtalsvert hærri fjárframlög frá ríkinu en hinar tvær.

## Hvað er „þjóðarópera“?

„Þjóðarópera“ er ópera fyrir fólkið, ópera um fólkið, og ópera í samtali við fólkið. Það er ekki rekstrarfyrirkomulagið eða lagabókstafirnir sem búa til þjóðaróperu. Það er innihaldið sem skiptir máli: *hvað er gert, hvernig það birtist og hvernig því er tekið.*

*„I think Iceland has a unique opportunity as a fairly small society to reach far with interesting work, but I think it is important to not assume that*



*a legislation that gives a mandate secures an automatic legitimacy. The legitimacy comes from each and every project of the organization and how it is seen and judged by the population.“ (úr viðtali við Kasper Holten)*

Hugtakið „þjóðarópera“ vekur ýmis viðbrögð, og sérstaklega hjá yngri kynslóðum ber það með sér yfirbragð þjóðrembu og yfirlætis. Undirrituð eru meðvituð um mót-sagnirnar sem hugtakið ber með sér, og við viljum því túlka það á sem opnastan hátt og aftengja það frá skírskotunum til einsleitrar þjóðar sem býr í afgangi landi.

## Tillögur

1. Stofnun nýs óperuflokks, samtímis tímabundinni framlengingu á samningi við Íslensku óperuna
2. Sjálfstæð ópera
3. Ríkisrekin ópera

## Tillaga 1

*Stofnun óperuflokks, samtímis tímabundinni framlengingu á samningi við Íslensku óperuna*

Tillagan er tvíþætt:

- Stofnun nýs óperuflokks sem starfar sjálfstætt eftir skilgreindum markmiðum
- Tímabundinn samningur við Íslensku óperuna um skilgreind verkefni

## Nýr óperuflokkur

Óperuformið er í stöðugri þróun og endurnýjun. Til að geta aðlagast að breytilegum forsendum er það forgangsatriði að fjárfesta í nýjum aðferðum til að koma listinni á framfæri og gera tilraunir með öðruvísi nálganir í hópvinnu og tengslum en við höfum tíðkað fram til þessa. Þeir tímar eru liðnir að við felum listsköpunina ægistörum báknum með einráða stjórnendur í brúnni. Gróskan er í grasinu þar sem hugmyndirnar fá að rætast eða falla í kraftmiklu samspili leitandi fólks. Það er eldmóðurinn sem keyrir breytingarnar áfram. Með þessa nálgun að leiðarljósi leggjum við til stofnun óperuflokks sem hefur eftirtalin markmið:

- Fræðslu og kynningarstarf í skólum og á meðal almennings

- Samfélagsleg verkefni ('out-reach' verkefni) sem ná til ólíkra hópa innan samfélagsins
- Tengingar og samstarf við menningar- og fræðslufélög vítt um landið
- Kynning og rannsóknir á óperum og tónleikhúsverkum íslenskra höfunda
- Vinna skipulega að því að flytja erlendar óperur á íslenskri tungu
- Stofna til samstarfs við sambærilega óperuflokka erlendis
- Listflutningur í þágu verkefna sem ofangreind markmið krefjast

Rekstur óperuflokksins byggir á útfærðum samningi við mennta- og menningar- málaráðuneytið sem felur í sér skilgreiningar á meginmarkmiðum verkefnisins. Samningurinn er tímabundinn til 3ja eða 4ra ára. Auglýst verður eftir umsóknum frá hópum eða teymum og nefnd skipuð fagfólki og fulltrúum ráðuneytis metur umsóknir eftir fyrirfram skilgreindum viðmiðunum og gerir tillögu til ráðherra um hvaða umsóknaraðili teljist best fallinn til að sinna verkefninu. Ráðuneytið skipar fagmenntaðan trúnaðarmann til að hafa eftirlit með framgangi samningsins.

Nefndarmenn sjá fyrir sér að óperuflokkurinn samanstandi af lista- og tæknifólki af ýmsum sviðum performans-lista, um 9 – 10 manns þegar fullskipað er í flokkinn. Sem dæmi: listrænn stjórnandi (aktífur listamaður, s.s. leikstjóri eða hljómsveitarstjóri, sem nýtist til ólíkra verka innan hópsins), tónskáld með reynslu úr leikhúsi, tæknimaður (ljós og hljóð), píanisti/hljóm- borðsmaður, og söngvarar af ólíkum raddgerðum. Verksvið hvers og eins verður að vera opið, og hópurinn þarf að geta brugðist við ólíkum aðstæðum sem kalla á sveigjanleika í starfi og kunnáttu til að geta tekist á við ólík verkefni og óvæntar aðstæður.

Óperuflokkurinn hefur samstarf við aðra helstu aðila í samfélaginu sem starfa á sviði performans-lista. Sem dæmi: Menningarfélag Akureyrar (MAK), Íslensku óperuna, Leikfélag Reykjavíkur, Þjóðleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, frjálsa leikhópa undir merkjum Sjálfstæðra leikhópa og Menningarfélags Tjarnarbíós, og Listaháskóla Íslands. Þá getur verið fýsilegt fyrir flokkinn að stofna til fasts samstarfs við einhvern þeirra sjálfstæðu tónlistarhópa sem einkum starfa á sviði samtímatónlistar, s.s. Caput, Kammersveit Reykjavíkur, kammersveitina Elju, Nordic Affect, eða Strokkvartettinn Sigga.

## Framlenging samnings við Íslensku óperuna

Íslenska óperan hefur nú sinnt óperuflutningi á Íslandi um fjörutíu ára skeið með stöðugt betri listrænum árangri. Verkefni hennar hafa fyrst og fremst verið á sviði hefðbundinna klassískra verka, en aðrir þættir, s.s. fræðslustarfsemi og ræktun íslenskra óperubókmennta hafa verið víkjandi í starfsemi félagsins. Óperan á sér traustan áheyrendahóp sem mikilvægt er að sinna.

Íslenska óperan hefur eðlilega gert skuldbindingar langt fram í tímann, og má í því sambandi nefna smíði nýrrar íslenskrar óperu sem stefnt er að að verði frumflutt í samstarfi við alþjóðlega samstarfsaðila á árinu 2023. Ennfremur hefur óperan gert skuldbindingar sem studdar eru af stjórnvöldum um að halda hér alþjóðlegt þing Alþjóðlegu sviðslistasamtakanna, ISPA, og yrði af því stórkostlegur skaði ef þau áform myndu kollvarpast. Það er því að mati nefndarmanna til mikils að vinna að Íslenska óperan geti haldið áfram starfsemi sinni, alla veganna til næstu fjögurra ára og þannig sinnt þeim mikilvægu verkefnum sem hún hefur undirbúið.

Nefndarmenn leggja því til, að meðfram stofnun nýs óperuflokks verði gerður tímabundinn samningur við Íslensku óperuna um verkefnin sem eru framundan. Samningurinn verði byggður á þeim grunni, að á samningstímanum verði hlutverk og markmið Íslensku óperunnar endurskoðuð.

Meðal atriða í samningnum sem þarf að skýra eru samskipti ráðuneytis og félagsins, stjórnýsla félagsins og ákvæði um gagnsæi í ákvörðunartöku, og aðkomu fólks úr viðkomandi fagstéttum að mótun listrænnar stefnu. Eðlilegt þykir að ráðuneytið skipi trúnaðarmann til samráðs um framgang og eftirlit með samningnum.

Það fylgir samningum við þessa tvo aðila, þ.e. nýja óperuflokkinn og Íslensku óperuna, að þeir hafi með sér náð samráð um að móta stefnu fyrir óperuflutning á Íslandi til lengri tíma. Það gæti t.d. falið í sér samruna þessara aðila, stofnun nýs félags eða rekstraraðila, eða áframhaldandi fyrirkomulag á endurnýjuðum forsendum. Samráðið skal vera með formlegum hætti og leitt af trúnaðarmönnum ráðuneytisins sem hafa eftirlit með samningunum sem um ræðir.

Framlög ríkisins til Íslensku óperunnar samkvæmt þjónustusamningi eru nú um 220 milljónir króna á ársgrundvelli. Auk þessa renna nokkrar fjárhæðir til sjálfstæðra óperuhópa í gegnum sviðslistasjóð. Sé tekið mið af framlögum ríkisins til Íslensku

óperunnar árið 2007 ættu þessi framlög að nema framreiknuð til dagsins í dag um 330 milljónum króna. Því er það tillaga okkar að þessi munur verði bættur með þeim hætti að Íslenska óperan haldi núverandi framlögum með viðbættum verðlagsbótum, en munurinn þarna á milli, um 110 milljónir, fari til reksturs óperuflokksins á þann hátt að upphæðin hækki um sem nemur 35 milljónum króna á ári. Það má ætla að báðir aðilar afli sér viðbótafjár með framlögum frá einkaaðilum, styrkjum til einstakra verkefna, með samstarfsverkefnum og aðgöngumiðasölu (ÍÓ). Fyrir óperuflokkinn gæti verið mikilsvert ef Framkvæmdasýsla ríkisins gæti útvegað flokknum grunnaðstöðu fyrir rekstur og æfingar í einhverju því mikla húsnæði sem sú stofnun hefur á sínu framfæri.

Nýi óperuflokkurinn þarf ekki annað húsnæði fyrir grunnstarfsemi sína en tvær til þrjá vinnustofur með greiðum aðgangi að litlum æfingasal. Listflutningur flokksins fer fram við óformlegar aðstæður: í skólum, á vinnustöðum, í sérbylum, félagsheimilum, kirkjum, minni tónlistarsölum, skemmuhúsnæði, eða öðru því húsnæði sem flokkurinn telur henta verkefnum sínum hverju sinni. Fyrir umfangsmeiri uppfærslur getur hópurinn leitað samstarfs við eitthvert leikhúsanna, og þá kannski augljósast að leita samstarfs við Menningarfélag Tjarnarbíós, Menningarfélag Akureyrar (Hamrar), Salinn, Listaháskólann eða Borgarleikhúsið (litlu sviðin).

Fyrir flutning stærri ópera á vegum Íslensku óperunnar er enginn einn augljós kostur fyrir hendi nema Harpa, þar sem möguleiki er á að afla tekna af sölu aðgöngumiða sem ná upp í kvöldkostnað hvernar sýningar og reyndar rúmlega það. Aðstaða í Hörpu er takmörkuð þar sem húsið er fyrst og fremst tónlistarhús, en ljóst er að aðstaðan fyrir óperuflutning sem á sínum tíma var hönnuð inn í húsið, hefur ekki verið fullnýtt vegna skorts á búnaði og tækjum. Má í því sambandi nefna mikilvægt flugkerfi fyrir leikmuni og fortjald fyrir svið. Til umhugsunar fyrir rekstraraðila Hörpu er að útvega þennan búnað.

## Tillaga 2

### *Sjálfstæð ópera*

Nefndarmenn leggja til sem annan kost að gerður verði samningur um rekstur óperustarfsemi við eitt félag eða stofnun á grundvelli auglýsingar með skilgreindum viðmiðum og lýsingu verkefna.

Meginmarkmið samnings við sjálfstæða óperu er að tryggja landsmönnum möguleika á að njóta óperuflutnings við bestu fánlegar aðstæður á Íslandi og með þátttöku okkar besta listafólks á sviði söngs og hljóðfæraleiks. Þá er lagt til grundvallar að

með samningnum verði aukinn kraftur settur í flutning óperuverka íslenskra höfunda og frumsköpun eflist á breiðu sviði óperuflutnings.

Miðað er við að settar verði upp að lágmarki tvær uppfærslur á ári á óperum í hefðbundnum formum og umfangi, þar af a.m.k. eitt íslenskt óperuverk annaðhvort ár. Til viðbótar yrði samið um tvær minni uppfærslur fyrir lítið svið eða opið rými sem kynntar eru fyrir börnum og unglingum vítt og breitt um landið.

Nefndarmenn leggja áherslu á að við mat á umsóknum óperufélags eða óperustofnunar um samning um rekstur óperu verði horft til mikilvægra þátta eins og listrænnar sýnar, listrænnar getu, rekstrarreynslu, fjárhagsáætlunar, markaðslegrar stöðu, faglegs bakstuðnings, og aðkomu fólks úr lista- og menningarlífi. Mennta- og menningarmálaráðneyti hefði umsjón með framkvæmd samningsins fyrir hönd ríkisins og tilnefndi sér trúnaðarmann til samstarfs við félagið, sem byggi yfir nauðsynlegri þekkingu og faglegri innsýn á listastarfsemi.

Til skýringar á sjónarmiðum okkar um „sjálfstæða óperu“ teljum við það gæti verið ákjósanlegt, að mennta- og menningarmálaráðherra hefði aðkomu að skipan fulltrúa í stjórn stofnunarinnar eins og fordæmi eru fyrir í öðrum löndum þar sem sjálfseignarstofnanir eru reknar að mestu fyrir opinbert fé. Fyrirmyndir um það er einnig að finna hér á landi. Stjórnin bæri rekstrarlega ábyrgð, og réði helstu stjórnendur, en hlutaðist ekki til um listræn málefni eins og um verkefnaval eða hlutverkaskipan. Að öðru leyti yrði sérþekking stjórnarmanna tengd fjáröflun, stjórnsýslu, stefnumótun, lögfræðilegum og menningarlegum þáttum. Þá gæti það styrkt stofnunina að starfandi yrði fulltrúaráð með breiðri skírskotun til listsamfélagsins, ekki með ósvipuðum hætti og við þekkjum nú hjá Listahátíð í Reykjavík.

Sjálfstætt óperufélag hefur möguleika til náinnar samvinnu við félög og stofnanir bæði innanlands og erlendis. Það felur í sér samstarf um pantanir og uppsetningu á óperuverkum, nýtingu húsnæðis og aðstöðu fyrir óperuflutning, samvinnu við hljómsveitir og kóra um þátttöku í sýningum, og samvinnu við skóla um starfsnáms og endurmenntun. Mikilvægir aðilar í þessu sambandi eru: Sinfóníuhljómsveit Íslands, Harpa, Þjóðleikhúsið, Listaháskólinn, Menningarfélag Akureyrar og Listahátíð í Reykjavík.

Eins og kemur fram í umfjöllun um tillögu 1 þá eru núverandi framlög til óperustarfsemi á Íslandi um kr. 220 milljónir króna á ársgrundvelli, framlög til sviðslistasjóðs eru ekki talin með. Sé tekið mið af framlögum ríkisins til Íslensku óperunnar árið 2007 ættu þessi framlög að nema uppreiknuð um 330 milljónum króna. Því er það tillaga okkar að þessi munur verði bættur með þeim hætti að framlög til óperustarf-

seminnar verði hækkuð á grundvelli aukinna verkefna um 35 milljónir króna á ári í þrjú ár, eða þar til framlög nema uppreiknuðu framlagi frá árinu 2007. Samningur við sjálfstæða óperu felur í sér þessa stigmögnun framlaga.

Eins og jafnframt kemur fram í umfjöllun um tillögu 1 er enginn einn kostur augljós fyrir flutning stærri óperuverka á Íslandi nema Eldborgarsalur Hörpu, þar sem möguleiki er á að afla tekna af sölu aðgöngumiða sem ná upp í kvöldkostnað hvernar sýningar og reyndar rúmlega það. Aðstaða í Hörpu er takmörkuð þar sem húsið er fyrst og fremst tónlistarhús, en ljóst er að aðstaðan fyrir óperuflutning sem á sínum tíma var hönnuð inn í húsið, hefur ekki verið fullnýtt vegna skorts á búnaði og tækjum. Má í því sambandi nefna mikilvægt flugkerfi fyrir leikmuni og fortjald fyrir svið. Til umhugsunar fyrir rekstraraðila Hörpu er að útvega þennan búnað.

---

Viðvíkjandi Íslensku óperunni skal draga fram það augljósa, að engin önnur stofnun eða félag hefur markað dýpri spor í íslenska óperumeningu en hún, og samfelld starf hennar í nú um fjörutíu ár hefur náð til margra kynslóða Íslendinga. Þessa sögu ber að virða. Við nefndarmenn teljum að nú þegar breytingar eru fyrirhugaðar á fyrirkomulagi óperu-flutnings í landinu sé rétt að hafa í heiðri framlag Íslensku óperunnar til íslenskrar óperumeningar og byggja til framtíðar á þeirri reynslu og dýrmæta orðspori sem stofnunin hefur aflað sér.

### Tillaga 3

#### *Ríkisrekin ópera*

Nefndarmenn gera það að sinni þriðju tillögu að stofnuð verði ríkisrekin ópera með skilgreindum lagagrundvelli hliðstætt því sem kveðið er á um í sviðslistalögum um aðrar ríkisreknar listastofnanir. Ríkisrekin ópera getur annaðhvort verið sjálfstæð stofnun eða að óperustarfsemin verði felld undir Þjóðleikhúsið þannig að leikhúsið verði endurskilgreint á þeim grunni, að jafnræðis gæti á milli hins „textaða“ leikhúss og óperunnar. Reikna má með nokkurri samlegð verði óperan önnur af tveimur hryggjar-súlum Þjóðleikhússins, en á móti missir óperustarfsemin ákveðinn sóknarkraft og sveigjanleika sem ætla má að sjálfstæðara rekstrarform skapi heildinni.

Meginmarkmið ríkisrekinnar óperu er að tryggja samfellu í flutningi óperuverka úr katalóg klassískra óperubókmennta og stuðla að flutningi óperuverka íslenskra höfunda.

Ríkisrekinni óperu yrði settar skyldur á herðar varðandi fræðslu- og kynningarstarfsemi og til þess verður ætlast að hún ferðist með minni uppfærslur á milli stærri bæja á landsbyggðinni. Til viðmiðunar má gera þá kröfu, að settar verði upp þrjár til fjórar óperuuppfærslur að hefðbundnu umfangi á ári, þar af a.m.k. tvær frumuppfærslur, og ein þeirra íslensk annaðhvort ár. Til viðbótar má ætla að ríkisrekin ópera með stóran hóp af fastráðnu söngfólki geti sett upp til viðbótar tvær minni óperur: kammeróperu, barnaóperu, og/eða farandóperu.

Rekstrarform ríkisrekinnar óperu býður upp á stöðugleika og starfsöryggi listafólks sem önnur rekstrarform sviðslistastofnana geta ekki veitt nema að takmörkuðu leyti. Með hliðsjón af ríkisreknum óperum í nágrannalöndum okkar má ætla að íslensk ríkisópera ráði í fastar stöður söngvara og tónlistarfólks, auk fagstjórnenda og skrifstofufólks, alls um 20 til 25 stöðugildi hið minnsta. Í þeim hópi yrðu til að byrja með a.m.k. 12 – 15 söngvarar, sem yrði mikil bragarbót fyrir þeirra stétt miðað við núverandi aðstæður.

Stjórn ríkisóperu (eða endurstofnaðs Þjóðleikhúss með óperu sem aðra hryggjarsúlu) heyrir beint undir mennta- og menningarmálaráðherra. Því eru boðleiðir á milli hins pólitíska valds og liststofnunarinnar í raun milliliðalaus og án ytri listpólitískra afskipta eða eftirlits. Þetta er öðruvísi en í mörgum nágrannalöndum okkar þar sem formlegt listráð (Arts Council) fer með eftirlit og samskipti við opinberar listastofnanir. Aðkoma lista- og menningargeirans er þannig takmörkuð við lobbýisma gagnvart sjálfri listastofnunni eða beint gagnvart ráðherra sjálfum. Ákvörðun um ráðningu listræns stjórnanda, óperustjóra eða Þjóðleikhússtjóra er í höndum ráðherra.

Samstarfsmöguleikar ríkisrekinnar óperu markast af þeim takmörkunum sem rekstrarformið setur. Augljósustu samstarfsaðilar eru aðrir þeir aðilar sem byggja á sama eða svipuðum rekstrargrunni, s.s. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenski dansflokkurinn, en reyndin er hins vegar sú hvað varðar Þjóðleikhúsið að samstarf þarna á milli er afar takmarkað ef eitthvað, og í gegnum tíðina hefur heldur farið í sundur með aðilum en saman. Því er varhugavert að mati okkar nefndarmanna að gera sér of miklar hugmyndir um samnýtingu og samlegð á milli stofnana ríkisins sem starfa á sviði lista og menningar. Um aðra aðila liggur fyrir ákveðin reynsla og þekking, og er þar uppi á borðum samstarf við tónlistarhúsið Hörpu að fyrirmynd samnings hússins við Íslensku óperuna, og samstarf við Listahátíð í Reykjavík sem hefur reynst listastofnunum ákaflega mikilvægt í framleiðslu stærri verkefna.

Eins og útlistað hefur verið í umfjöllunum um tillögur 1 og 2 eru núverandi framlög til óperustarfsemi um 220 milljónir á ársgrundvelli að undanskildum fjárveitingum

til frjálsra leikahópa úr sviðslistasjóði. Önnur tala til viðmiðunar eru framlög ríkisins til reksturs Þjóðleikhússins sem nema nú um 1.500 milljónum króna á ársgrundvelli. Á þessu stigi er varhugavert að áætla með einhverri nákvæmni reksturskostnað ríkisrekinnar óperu, en þó má ætla að hann verði aldrei minni en um helmingur af núverandi reksturskostnaði Þjóðleikhúss, eða um 750 milljónir. Í nágrannalöndum okkar sem við miðum okkur við er reksturskostnaður ríkisópera langtum hærrí en þetta og yfirleitt miklu hærrí en rekstur venjulegra leikhúsa eða dansflokka. Það má spyrja hvers vegna kostnaður við ríkisrekna óperu hér ætti að vera mikið lægri en annars staðar.

Flutningi hefðbundinna ópera eru settar skorður vegna húsnæðisins sem í boði er. Eftir breytinguna sem gerð var á byggingu Þjóðleikhússins snemma á tíunda áratug síðustu aldar var áheyrendasalum umturnað þannig að fækkað var um u.þ.b. 160 áheyrendasæti, tvennum áhorfendasvölum var kastað út, og öllum áheyrendum komið fyrir á sama hallandi gólfinu. Staðan er sú í dag að við hefðbundinn óperuflutning þar sem hljómsveit situr í gryfjunni er aðeins hægt að selja um 460 sæti í sal sem einfaldlega þýðir að sala aðgöngumiða getur aldrei staðið undir nema hluta af kvöldkostnaði. Breytingarnar höfðu einnig í för með sér að hljómrýmið var stórlega minnkað þannig að allur hljómburður breyttist mjög, varð þægilegri fyrir talað mál en til stórskada fyrir akústískan tónlistarflutning. Ekkert hefur orðið úr áætlunum um endurnýjun baksviða og aðstöðu fyrir verkstæði. Því er Þjóðleikhúsið í raun ekki lengur hæft sem óperuhús nema fyrir smærri uppfærslur sem eru tæknilega einfaldar og krefjast lágmarks sviðsbúnaðar. Fyrir umfangsmeiri óperuflutning býðst því í raun aðeins einn möguleiki, þ.e. Harpa. Um Hörpu hefur verið fjallað í útlistunum á fyrri tveimur tillögum.

## Lokaorð

Við nefndarmenn, Soffía Karlsdóttir og Hjálmar H. Ragnarsson, höfum hér dregið saman í sem stystri umfjöllun niðurstöður okkar og ályktanir um uppbyggingu óperustarfsemi í landinu með það að aðalmarkmiði að ráðherra og stjórnvöld almennt geti metið og vegið á grundvelli þekkingar okkar og reynslu ólíka kosti við ákvarðanir um hvernig opinberu fé verði best varið til þessara mála. Við höfum sett í forgang nauðsyn endurnýjunar og endursköpunar óperuformsins og mikilvægi þess að virkja kraftinn í ungu listsamfélagi til þess að fá landsmenn, unga sem eldri, til þátttöku og samtals um innihald og möguleika listarinnar: form, framsetningu, gildi og tilgang. Mikilvægast í okkar starfi hefur verið að heyra viðhorf og skoðanir þess fjölbreytta hóps gesta sem við fengum til viðtals við nefndina og erum við þeim afar þakklát fyrir



að hafa gefið sinn tíma til þessa máls. Þá þökkum við öðrum nefndarmönnum fyrir samstarfið og þótt hópnum hafi ekki borið gæfa til að skila sameiginlegri niðurstöðu þá var það okkur lærdómsríkt að kynnast viðhorfum þeirra og vinnuaðferðum. Við þökkum mennta- og menningarmálaráðherra, Lilju Dögg Alfreðsdóttur, fyrir traustið sem hún sýnir okkur með því að skipa okkur í þessa mikilvægu nefnd.

31. janúar 2021

Hjálmar H. Ragnarsson

Soffía Karlsdóttir

## Umræða

Í nefndinni reis upp ágreiningur um skilgreiningu á grundvallarhugmyndum. Hjálmar H. Ragnarsson, tilnefndur af BÍL, og Soffía Karlsdóttir, tilnefnd af stjórn Íslensku óperunnar ses., voru ósátt við vinnulag og niðurstöðu nefndarinnar um skilgreiningu á grundvallarhugmyndum. Þau deildu ekki skilningi á hlutverki nefndarinnar og sögðu sig þann 28. janúar frá frekari samvinnu í nefndinni.

Meirihlutinn taldi að meginviðfangsefni nefndarinnar væri að taka heildræna afstöðu til stofnunar Þjóðaróperu. Meirihlutinn telur að nánari útfærsla krefjist djúpstæðari vinnu við tæknilega og stefnumótandi úrvinnslu og samninga við þriðja aðila. Þá vinnu þarf að útfæra af sérhæfðum faglega skipuðum starfshópi með skýrt umboð ef ráðherra kýs að fylgja tillögum nefndarinnar eftir.

Hlutverk nefndarinnar er skilgreint í skipunarbréfi frá ráðherra og í fjárlögum fyrir árið 2021: *Þjóðarópera. Nefnd hefur verið falið að kanna hvort stofna eigi þjóðaróperu.*<sup>23</sup>

Minnihluti nefndar telur að nefndin eigi ekki að hafa til hliðsjónar minnisblað ráðherra til ríkisstjórnar þar sem frumkönnun ráðuneytis á mögulegum leiðum er varða óperumenningu á landinu eru dregnar upp. Meirihluti nefndar telur minnisblaðið gefa glögga mynd af þeim raunhæfu leiðum er þegar voru kannaðar sem nefndinni beri að skoða ítarlegar, og kýs því að styðjast við það í vinnu sinni.

Meirihlutinn telur að menningarlegt hlutverk stofnunar sem rekin er fyrir almannafé þurfi að vera skilgreint með skýrum hætti í lögum. Fyrirmyndir þess efnis má finna í lögum um sviðslistir nr. 165/2019, II. kafla um Þjóðleikhús, III. kafla um Íslenska dansflokkinn og lögum um sambærilegar stofnanir á Norðurlöndum og í Evrópu.

Meirihluti nefndar deilir ekki áhyggjum minnihlutans af ríkisafskiptum og skorti á sveigjanleika hjá menningarstofnunum á vegum hins opinbera. Enda fylgir mennta- og menningarmálaráðuneytið grundvallarhugmyndum armslengdarreglunnar þegar kemur að samskiptum við listræna stjórnendur stofnana á hennar vegum. Armslengdarreglan er hvívetna virt í norrænu og evrópsku samhengi.

<sup>23</sup> Sjá [https://www.stjornarradid.is/leit/\\$LisasticSearch/Search/?SearchQuery=%C3%BE-j%C3%B3ar%C3%B0ar%C3%B3pera](https://www.stjornarradid.is/leit/$LisasticSearch/Search/?SearchQuery=%C3%BE-j%C3%B3ar%C3%B0ar%C3%B3pera). Sótt 28.1.2021.



## Samantekt

Þann 17. nóvember 2020 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneytið nefnd til að kanna og vinna tillögur um stofnun Þjóðaróperu á Íslandi. Nefndinni var falið að kanna nánar fjórar leiðir sem Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra tilgreindi sérstaklega í minnisblaði til ríkisstjórnar þann 15. febrúar 2019. Nefndin hélt alls 10 fundi og leitaði víða gagna og samráðs við fjölmarga aðila sem með ýmsum og ólíkum hætti koma að málefnum óperuflutnings, tónlistar og sviðslista.

Ekki var einróma samstaða í nefndinni en með ítarlegri greiningarvinnu og rökstuðningi komst meirihluti nefndarinnar að eftirfarandi niðurstöðu:

Lagt er til að mennta- og menningarmálaráðherra leggi fram frumvarp til breytinga á lögum um sviðslistir og lögfesti stofnun þjóðaróperu á yfirstandandi þingi í þeim tilgangi að gera að veruleika nýjan starfsvettvang fyrir söngvara og hljómlistarmenn, tónskáld og textasmiði, og annað listafólk sem sinna kann óperulistinni sem alltof lengi hefur verið hornreka í íslensku menningarlífi. Jafnframt er lagt til að skipaður verði faglegur starfshópur sem sinnir uppbyggingu innviða og listrænna möguleika þjóðaróperu sem tekur mið að sérstæðu og þörfum íslensks menningarlífs.

Nefndin hefur samið drög að frumvarpi sem fellur vel að nýjum lögum um sviðslistir og tekur einkum mið af ákvæðum laganna sem fjalla um danslistir. Lagt er til að drögin fari í frekari vinnslu í ráðuneytinu og undirbúnings til framlagningar á alþingi.

# Tilvísanir

Skipunarbréf. MMR20080111/2.3.20.

Minnisblað mennta- og menningarmálaráðherra til ríkisstjórnar dags. 15.2.2019.

Samráðsgátt: Áform. Nr. S-142/2018. Mál nr. 142/2018: #5, #6. Drög. Nr. S-182/2018.

Málnr. 182/2018: #7, #8, #10.

Minnisblað Arnfríðar Sólrúnar Valdimarsdóttur sérfræðings og Páls Baldvins Baldvinssonar ráðgjafa dags. 10.12.2018 og minnisblað skrifstofu menningarmála dagsett 20.12.2018.

Kasper Holten. Skrifleg svör til nefndarinnar. 25.1.2021.

Arnbjörg María Danielsen: Afrit af skráðu samtali við Laura Berman óperustjóra. 22.1.2021.

Kristinn Sigmundsson: Minnisblað til nefndarinnar dagsett 23.1.2021.

[https://eftacourt.int/wp-content/uploads/2020/12/13\\_19\\_Judgment\\_IS.pdf](https://eftacourt.int/wp-content/uploads/2020/12/13_19_Judgment_IS.pdf). Sótt 22.1.2021.

<https://www.rannis.is/frettir/uthlutun-ur-svidslistasjodi-fyrir-arid-2021>. Sótt 22.1.2021.

Minnisblað frá Rannís um úthlutanir leiklistarráðs/sviðslistaráðs og tónlistarsjóðs 2013-2021.

Pétur Úlfarsson: 2020. Listi yfir íslensk tónleikhúsvverk frá árinu 2000, bls. 25-37. LHÍ.

Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytis við Íslensku óperuna um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum 24.4.2013.

Samþykktir fyrir Íslensku óperuna ses. 29.11.2019.

Lagasafn (1947), dálkur 5-6, bls. 86.

Stofnanasamningur SÍ 20.5.2020. Sótt á heimasíðu FÍH 22.1.2021.

## **Drög að frumvarpi til laga** **um breytingu á lögum um sviðslistir nr. 165/2019.**

1.gr.

Eftirfarandi kafli og greinar bætast í lög um sviðslistir nr. 165/2019.

### X. KAFLI

#### **Þjóðarópera.**

(a). gr.

##### *Hlutverk.*

Þjóðarópera er eign íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Þjóðaróperunnar er að sviðsetja óperuverk af háum listrænum gæðum. Þjóðaróperan skal sinna sögulegri arfleið óperulistarinnar í samtíma samhengi með sérstakri áherslu á íslenska frumsköpun. Þjóðaróperan skal vera vettvangur fyrir framþróun og nýsköpun óperulistar á Íslandi og glæða áhuga landsmanna á óperulist.

(b). gr.

##### *Helstu verkefni.*

Aðalverkefni Þjóðaróperu eru sýningar á íslenskum og erlendum óperuverkum. Verkefnaval skal vera fjölbreytt og tryggja skal að á dagskrá hvers starfsárs séu íslensk óperuverk. Einnig skal Þjóðaróperan annast fræðslu- og kynningarstarf og standa að sýningarferðum innanlands. Þjóðaróperunni er heimilt að standa að sýningarferðum til annarra landa eftir því sem aðstæður leyfa.

(c). gr.

##### *Óperustjóri.*

Ráðherra skipar óperustjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn stjórnar. Skipaður skal einstaklingur með háskólamenntun í listum eða sambærilega menntun og staðgóða reynslu og þekkingu á óperuflutningi og starfssviði Þjóðaróperunnar. Endurnýja má skipun óperustjóra einu sinni til næstu fimm ára ef meirihluti stjórnar mælir með endurráðningu.

Óperustjóri er stjórnandi Þjóðaróperunnar og markar listræna stefnu hennar. Hann er í forsvari fyrir þjóðaróperuna og annast daglega stjórnun samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlun að fenginni umsögn stjórnar. Hann ræður starfsmenn og ber ábyrgð á listrænum og fjárhagslegum rekstri svo og gerð langtímaáætlunar og að starfsemi Þjóðaróperunnar sé í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

(d). gr.

*Stjórn.*

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn Þjóðaróperunnar. Samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum tilnefniir tvo fulltrúa en einn skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Stjórnin skal skipuð til fimm ára í senn. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórnina lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Stjórn Þjóðaróperunnar er óperustjóra til ráðgjafar um stefnu Þjóðaróperunnar og önnur málefni er varða starfsemi hennar. Hún veitir óperustjóra umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir, vinnur með honum að langtímaáætlun um starfsemina og hefur eftirlit með framkvæmd áætlanna.

(e). gr.

*Samstarf.*

Þjóðaróperan skal kosta kapps um samstarf við stofnanir, félög og aðra sem sinna óperulist s.s. tónskáld, textahöfunda, sviðshöfunda, hönnuði og flytjendur með listrænan ávinning, nýsköpun og fjölbreytni að markmiði.

Þjóðaróperan skal stuðla að listuppeldi og fræðslustarfi í samstarfi við menntastofnanir og gera nemendum og almenningi kleift að kynna sér starfsemi Þjóðaróperunnar eftir því sem við verður komið.

(f). gr.

*Kostnaður.*

Kostnaður af óperuráði og rekstri Þjóðaróperunnar greiðist úr ríkissjóði. Þjóðaróperunni er heimilt að hafa tekjur af eigin starfsemi og taka aðgangseyri.

### **Athugasemdir við drögin:**

#### **I. Inngangur.**

Ný sviðslistalög tóku gildi í júlí 2020. Í bráðabirgðaákvæði III er kveðið á um að nefnd um stofnun Þjóðaróperu taki til starfa. Markmiðið er að styðja sérstaklega við óperustarfsemi hér á landi ásamt því að kanna kosti og galla stofnunar Þjóðaróperu.

Þegar mennta- og menningarmálaráðherra Lilja D. Alfreðsdóttir mælti fyrir frumvarpi til laga um sviðslistir í október 2019 sagði hún m.a.:

*„Virðulegi forseti. Eitt af því sem er hér nefnt sem ákvæði til bráðabirgða er að ráðherra skuli fyrir 1. janúar árið 2020 skipa nefnd sem falið verði að gera tillögur um stofnun þjóðaróperu. Nefndin skal skila ráðherra tillögum sínum eigi síðar en í árslok árið 2020. Það sem við erum að hugsa hér er að við viljum efla umgjörð í kringum þessa listgrein. Þjóðarópera gæti verið mjög öflugur vettvangur til þess. Ég sé líka fyrir mér að það verði aukið samstarf við Þjóðleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, Sinfóníuhljómsveitina og svo að koma með þjóðaróperu. Það sem ég tel að muni aukast verulega á næstunni er áhugi ferðamanna á að sækja menningarviðburði á Íslandi. Við erum með framúrskarandi sinfóníuhljómsveit, við erum með glæsileg leikhús, flottan dansflokk. Þetta er á heimsælikvarða og ég sé það svolítið fyrir mér að við munum í framtíðinni lyfta þessu enn frekar*

*upp. Það verður mikil eftirspurn eftir því að sækja þessa viðburði á Íslandi ásamt eftirspurn eftir þeim á erlendum vettvangi. Þetta frumvarp er allt liður í því, eins og ég nefndi í framsögu minni og í svörum, að efla skapandi greinar á Íslandi og stofna til samstarfs við aðila sem á því hafa áhuga.“*

Í samræmi við ákvæði laga um sviðslistir skipaði ráðherra þann 17. nóvember 2020 nefnd um stofnun Þjóðaróperu. Í nefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Páll Baldvin Baldvinsson formaður, skipaður án tilnefningar,

Soffía Karlsdóttir, tilnefnd af Íslensku óperunni,

Þóra Einarsdóttir, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna,

Hjálmar H. Ragnarsson, tilnefndur af Bandalagi íslenskra listamanna,

Arnbjörg María Danielsen, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna,

Gísli Rúnar Pálmason, tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðuneyti

Steinunn Sigvaldadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Í tilefni af skipun nefndarinnar sagði mennta- og menningarmálaráðherra eftirfarandi:

*„Nýju sviðslistalögin eru til þess fallin að efla menningarlíf okkar og stuðla að enn meiri fagmennsku í íslenskum sviðslistum. Hugmyndir um þjóðaróperu sem ræddar voru í tengslum við gerð þeirra miða meðal annars að því að styrkja umgjörð um óperuflutning og málefni þess listforms hér á landi. Ég fagna því að nefndin taki nú til starfa og hlakka til að kynna mér tillögur hennar síðar í vetur.“*

Nefnd um Þjóðaróperu hefur haldið tíu fundi og hafði auk þess samráð við eftirfarandi samtök og stofnanir:

1. Íslenska óperan ses.
2. Þjóðleikhúsið
3. Leikfélag Reykjavíkur ses./Borgarleikhúsið
4. Menningarfélag Akureyrar ses.: Sinfóníuhljómsveit Norðurlands/Leikfélag Akureyrar
5. Sviðslistarráð/Rannís
6. Tónverkamiðstöð Íslands
7. Harpa
8. Íslenski dansflokkurinn
9. Listaháskóli Íslands ses.
10. Háskóli Íslands
11. Sena Live
12. Félag íslenskra hljómlistarmanna
13. Félag leikstjóra á Íslandi

14. Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks
15. Listahátíð í Reykjavík
16. Klassís - félag klassískra söngvara á Íslandi
17. Söngskóli Sigurðar Demetz
18. Söngskólinn í Reykjavík
19. Dansverkstæðið
20. Háskólabíó
21. Gamla bíó
22. Kópavogsbær
23. Félag stjórnenda og kennara í tónlistarskólum
24. SAFAS - Samráðsvettvangur fagfélaga í

Niðurstaða meirihluta nefndarinnar er sú að fýsilegt og vel gerlegt sé að stofna til Þjóðaróperu á Íslandi. Mat nefndarinnar er að það verði best gert með því að bæta inn í lög um sviðslistir nr. 165/2019 kafla um Þjóðaróperu sambærilegan kaflanum um Íslenska dansflokkinn í samræmi við tilgang laganna um að æskilegt sé að fella í ein lög ákvæði um stuðning ríkisins við sviðslistastarfsemi og víkka þannig starfssviðið til sviðslista í heild sinni.

## II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Á þeim tveimur áratugum sem liðnir eru frá setningu leiklistarlaga, nr. 138/1998, hafa orðið ýmsar breytingar sem kalla á endurskoðun. Starfsrammi stofnana hefur breyst og ábyrgð stjórnenda aukist. Meira framboð á menntun, bæði hér á landi og erlendis, hefur leitt til þess að sífellt fjölgar þeim sem leitast við að skapa sér atvinnu á þessum vettvangi. Nauðsyn var því á að víkka út hugtakið leiklist til að ná til allra sviðslista þar sem m.a. listdansi og óperuflutningi hefur vaxið fiskur um hrygg. Þá hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti unnið að breytingum á sviði bókmennta, myndlistar og tónlistar í þá veru að skipa ráð eða stjórn fyrir viðkomandi listgrein sem er ráðherra til ráðgjafar um málefni hennar og stofna sjóð til að efla hana með veitingu styrkja ásamt því að skapa grundvöll fyrir rekstur skrifstofu/miðstöðvar sem þjónaði viðkomandi sjóði og stæði að kynningu á listgreininni hér á landi og erlendis. Breyting á sviðslistalögum í sömu veru er talin nauðsynleg til að framangreindir sjóðir og ráð/stjórn starfi öll við sömu lagaskilyrði, enda auðveldar það stjórnsýslu, yfirsýn og samvinnu sjóðanna.

Fallist er á eftirfarandi sjónarmið sem Bandalag íslenskra listamanna setti fram í umsögn um fjárlög 2019:

„Íslenski dansflokkurinn starfar á grundvelli árangursstjórnunarsamnings frá 2012 og Íslenska óperan er sjálfseignarstofnun með samstarfssamning við ríkið. Það er löngu tímabært að þessar tvær stofnanir sem bera nafn þjóðarinnar í nafni sínu fái stöðu við hlið Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í lögum um sviðslistir.“



„Einn mikilvægasti þáttur í skipulagi og rekstri jafn stórra verkefna eins og óperu er stöðugleiki og framtíðarsýn. Þess vegna eru þessir samningar til skamms tíma í senn engan veginn boðlegir, en það leysist með viðurkenningu og stofnun Þjóðaróperu.“

### III. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið er sniðið að lögum um sviðslistir sem samþykkt var á alþingi í júní 2020 með því að kafla um þjóðaróperu sambærilegum kaflanum um Íslenska dansflokkinn er bætt inn í lögin enda þarf óperuflutningur ekki síður á skýrum lagaramma að halda en listdans og jafn mikilvægt er að þessar listgreinar báðar tengist með afgerandi hætti öðrum sviðslistum sem njóta stuðnings hins opinbera.

Til samræmis við ákvæði sviðslistalaga um stjórn Íslenska dansflokksins er lagt til að ráðherra skipi þriggja manna stjórn þjóðaróperunnar. Samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum tilnefnir tvo fulltrúa en einn skal skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna. Stjórnin skal skipuð til fimm ára í senn. Ekki er heimilt að skipa sama mann aðalmann í stjórnina lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Þar sem samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum er nýlega til kominn og tilnefndi í þjóðleikhúsráð og stjórn Íslenska dansflokksins eftir að nýju lögin tóku gildi, er lagt til að hann skipi tvo fulltrúa. Hlutverk stjórnarinnar er lagað að þeim lagaramma sem gildir um störf forstöðumanna og lögð áhersla á ráðgjafar- og eftirlitshlutverk stjórnarinnar, en henni er ekki ætlað að samþykkja starfs- og rekstraráætlanir eins og er samkvæmt gildandi samningum heldur veita ráð og umsagnir.

Með framangreindum breytingum er stefnt að því að sams konar rammalöggjöf gildi um sviðslistasviðið eins og önnur listasvið, þ.e. að ákvæði sé annars vegar um þær ríkisstofnanir sem starfa á viðkomandi sviði og hins vegar ákvæði um sjóð og ráð sem vinni að framgangi sviðsins utan veggja stofnananna.

### IV. Samráð.

Nefnd um þjóðaróperu hefur við samningu draga að frumvarpinu haft samráð við hina ýmsu aðila, þeir eru:

Magnús Geir Þórðarson þjóðleikhússtjóri, fyrrum leikhússtjóri Borgarleikhússins og leikstjóri

Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur, formaður þjóðleikhúsráðs, fyrrum forstjóri Hörpu

Kolbrún Halldórsdóttir leikstjóri og fyrrum forseti Bandalags íslenskra listamanna

Brynhildur Guðjónsdóttir, leikhússtjóri Borgarleikhússins og leikstjóri

Marta Nordal, leikstjóri og leikhússtjóri MAK

Þorvaldur B. Þorvaldsson, tónlistarstjóri MAK og tónlistarmaður

Þuríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri MAK.

Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari, skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz

Ása Gestsdóttir, formaður Klassís og Vínafélags Íslensku óperunnar

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari  
Dísella Lárusdóttir óperusöngkona  
Gissur Páll Gissurarson óperusöngvari  
Friðbjófur Þorsteinsson, ljósahönnuður og framleiðandi  
Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndahönnuður  
Lára Sóley Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands  
Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu  
Steinunn Birna Ragnarsdóttir óperustjóri  
Bjarni Frímánn Bjarnason hljómsveitarstjóri  
Þórunn Gréta Sigurðardóttir tónskáld, formaður Tónskáldafélags Íslands

Einnig var leitað til eftirtalinna:

Bjarki Sveinbjörnsson, sérfræðingur Þjóðarbókhlöðu  
Guðvarður Gíslason, veitingamaður í Gamla bíói.  
Úlfar Þórðarson, verkefnastjóri Gamla bíós.  
Magnús Árni Skúlason hagfræðingur, fyrrum framkvæmdastjóri Borgarleikhússins og Íslenska dansflokksins  
Ólöf Ingólfssdóttir, Dansverkstæði.  
Ísleifur Þórhallsson, verkefnastjóri Sena Live  
Kári Gíslason, skipulagsstjóri Borgarleikhússins.  
Andri Guðmundsson, tæknistjóri Hörpu  
Elva Dögg Melsteð, skipulagsstjóri Hörpu  
Árni Heimir Ingólfsson, listrænn ráðgjafi Sinfóníuhljómsveitar Íslands  
Hlynur Páll Pálsson, framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins  
Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands  
Þorvaldur Kolbeins, rekstrarstjóri Háskólabíós

Þá var leitað eftir skriflegum svörum frá eftirtöldum aðilum:

Kasper Holten, leikhússtjóri Konunglega danska leikhússins, leikstjóri, fyrrum stjórnandi Konunglegu óperunnar í Covent Garden

Laura Berman, óperustjóri Theater Basel

## V. Mat á áhrifum.

Telja má að samþykkt frumvarpsins muni skapa skýrari lagagrundvöll fyrir óperustarfsemi í landinu en ekki síst mun það styrkja samstarf við aðra sviðslistahópa og skapa grundvöll til að stofna sviðslistamiðstöð til að standa að kynningu á sviðslistum innan lands sem utan.

.....

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um (a). gr.

Bætt er við nýjum kafla um Þjóðaróperu. Greinin samsvarar 10. gr. laga um sviðslistir nr. 165/2019. Til að skjóta styrkari stoðum undir óperustarfsemi í landinu er í þessari grein skilgreind staða Þjóðaróperu og hún gerð að fullgildri ríkisstofnun.

Í greininni er hlutverk Þjóðaróperunnar skilgreint á sams konar hátt og gildir um Íslenska dansflokkinn. Auk þess að flytja óperusýningar, ber Þjóðaróperunni að stuðla að nýsköpun í innlendri óperusmíði og vera að öðru leyti vettvangur fyrir eflingu og framþróun óperulistar á Íslandi með svipuðum hætti og Íslenska dansflokknum er ætlað að gera gagnvart listdansi.

Um (b). gr.

Greinin samsvarar 11. gr. laga um sviðslistir nr. 165/2019. Aðalverkefni Þjóðaróperu eru sýningar á íslenskum og erlendum óperuverkum sem þegar eru til eða eru samin sérstaklega fyrir Þjóðaróperuna. Þjóðaróperan skal leggja áherslu á fjölbreytni í verkefnavali sínu til að ná til breiðs hóps áhorfenda. Lögð er áhersla á að Þjóðaróperan hlúi að og styðji gerð íslenskra óperuverka, en einnig ber að kynna erlendar óperur. Þá er lögð áhersla á að Þjóðaróperan sinni fræðslu- og kynningarstarfi og standi fyrir sýningarferðum innanlands. Þjóðaróperunni er heimilt að standa fyrir sýningarferðum til annarra landa eftir því sem aðstæður leyfa.

Um (c). gr.

Ákvæði þessarar greinar er samsvarandi 12. gr. laga um sviðslistir nr. 165/2019 og er hliðstætt ákvæðum um starf listdansstjóra og þjóðleikhússtjóra.

Um (d). gr.

Greinin er samsvarandi gr. 13 um stjórn Íslenska dansflokksins í lögum um sviðslistir nr. 165/2019. Lagt er til að Samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum sem aðild eiga að Sviðslistasambandi Íslands tilnefni tvo fulltrúa. Einn er skipaður án tilnefningar. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Ákvæði þessarar greinar um hlutverk stjórnar er hliðstætt ákvæðum um starf þjóðleikhúsráðs og stjórnar Íslenska dansflokksins.

Um (e). gr.

Greinin samsvarar 14. gr. laga um sviðslistir nr. 165/2019. Mikilvægt er að Þjóðaróperan eigi í góðu samstarfi við aðrar sviðslistir og ýmsa aðra aðila, innanlands sem utan. Þjóðaróperan geri formlega samstarfssamninga við einstaklinga, hljómsveitir, flytjendur og félög sem eru til þess fallnir að ná markmiðum ákvæðisins. Aðrar ríkisreknar listastofnanir nátengdar starfsemi Þjóðaróperu, Þjóðleikhúsið, Íslenski dansflokkurinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands, eru mikilvægir samstarfsaðilar í því skyni að ná fram samlegðaráhrifum og listrænum árangri. Einnig er mikilvægt að Þjóðaróperan leggi rækt við að kynna nemendum og almenningi óperuflutning og starfsemi Þjóðaróperunnar.

Um (f). gr.

Greinin samsvarar ákvæði um Íslenska dansflokkinn í 15. gr. laga um sviðslistir nr. 165/2019.

DRÖG

# Ályktanir til nefndarinnar

## Erindi til nefndar um stofnun þjóðaróperu

Reykjavík, 10. janúar, 2021

Á fjölmennum félagsfundi Klassís, Fagfélags klassískra söngvara á Íslandi, þann 10. janúar 2021, var samþykkt eftirfarandi ályktun varðandi stofnun þjóðaróperu á Íslandi:

Klassís, Fagfélag klassískra söngvara á Íslandi, fagnar því að nefnd um stofnun þjóðaróperu hafi nú tekið til starfa, og vonar að vinna nefndarinnar muni skila sér í bættum og tryggari starfsvettvangi fyrir íslenska óperusöngvara.

Íslenskir óperusöngvarar hafa lengi verið meðal fremstu listamanna þjóðarinnar á alþjóðlegum vettvangi og undanfarna áratugi hafa yfir 70 söngvarar starfað við óperuhús erlendis. Hundruð söngnemenda nema við tónlistar- og söngskóla landsins, auk þess sem margir leggja stund á söngnám við LHÍ og við tónlistarháskóla erlendis. Þrátt fyrir þennan fjölda óperusöngvara hefur ekki tekist að byggja upp tryggan starfsvettvang á Íslandi fyrir þessa stétt og hafa því margir söngvarar þurft að setjast að erlendis til að stunda sína vinnu, annaðhvort fastráðnir við óperuhús eða í lausamennsku. Þeir sem kjósa að búa á Íslandi þurfa yfirleitt að sinna öðrum störfum meðfram söngnum. Þetta fyrirkomulag er óásættanlegt fyrir stétt óperusöngvara og ekki í samræmi við það sem gengur og gerist hjá öðrum tónlistar- og sviðslistastéttum á Íslandi.

Íslenska óperan varð til á sínum tíma úr grasrót óperusöngvara og meginmarkið hennar var að búa til vettvang á Íslandi þar sem íslenskir óperusöngvarar gætu sinnt sínu fagi. Draumurinn var að óperustarfsemi myndi vaxa og dafna og að óperusöngvarar myndu með tíð og tíma geta valið að búa á Íslandi og starfa þar við sitt fag. Þessi draumur hefur ekki enn ræst. Á síðustu misserum hefur ósætti myndast um starfsemi Íslensku óperunnar, sér í lagi þegar kemur að skörðum fjárhagslegum hlut söngvarastéttarinnar sjálftrar. Þetta skýtur skökku við því söngvararnir eru og verða alltaf kjarni og útgangspunktur hverskonar óperustarfsemi (sbr. markmið stofnenda ÍÓ). Starfsvettvangurinn er skapaður svo söngvarar geti starfað við fag sitt, og er forsenda þess að óperuunnendur fái notið óperusýninga í sínu heimalandi.

Það er því krafa félagsmanna Klassís, að hagur söngvara verði gerður að forgangsatriði og útgangspunkti við stofnun nýrrar þjóðaróperu og að ný sviðslistalög verði uppfyllt, þar sem óperuflutningur er færður á sama stall og starfsemi Þjóðleikhússins og Íslenska dansflokksins, stofnana sem hafa fjölda listafólks í föstum stöðugildum.

Því liggur í augum uppi að skapa þurfi söngvaraflokk (e. ensemble), þar sem söngvarar fái þjálfun og tækifæri til að þroska sig og sinna starfi sem þeir eru menntaðir til. Þeir gætu sungið stærri og smærri hlutverk og sinnt margbreytilegum gerðum og stíltægundum listformsins. Það þarf að tryggja starfsvettvang fyrir óperukór sem jafnan samanstendur af hámenntuðum og þjálfuðum óperusöngvurum sem einnig geta sungið einsöngshlutverk. Þetta kæmi ekki í veg fyrir að hægt væri að ráða inn gestasöngvara til lengri eða skemmri tíma á ráðningarsamningum. Söngflokkurinn sjálfur væri þjóðaróperan, kjarni starfseminnar. Listrænt frelsi slíks fyrirkomulags væri meira en nú er hjá Íslensku óperunni og myndi byggja upp frjóan vettvang fyrir þróun og nýsköpun á sviði óperu. Flokkurinn gæti, eftir því sem við á, átt í samstarfi við aðrar menningarstofnanir og menntastofnanir á jafningjagrundvelli, þar sem tryggt yrði að farið væri eftir samningum, s.s. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Þjóðleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Leikfélag Akureyrar og hópa og hátíðir á borð við Óperudaga og Sönghátíð í Hafnarborg, Caput, Brák og Elektru, auk þess að ferðast um landið og taka þátt í hátíðum erlendis.

Aukinheldur væri nefndinni uppálagt að nýta sér þá sérþekkingu á faginu sem býr í óperusöngvurunum sjálfum og kalla sem flesta þeirra til að gefa nefndinni álit. Með kærri kveðju og von um að þetta ferli skili sér í farsælli framtíð óperulistformsins á Íslandi og jafnframt tryggari starfsvettvangi íslenskra óperusöngvara,

*F.h. Klassís – Fagfélags klassískra söngvara á Íslandi,  
Ása Fanney Gestsdóttir, formaður Klassís*

*Móttekið 13. janúar. 2021.*

FÍT - klassísk deild FÍH fagnar því að undirbúningur að stofnun þjóðaróperu sé hafinn á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Félagið vill þó að gefnu tilefni hvetja nefnd um stofnun þjóðaróperu til að hafa hagsmuni tónlistarfólks í forgrunni við mótun hugmynda um slíka stofnun.

Því miður hafa verið brögð að því að ekki sé leitað til fagfólks á sviði óperusöngs til að koma að stjórnun þeirrar stofnunar sem nú hlýtur fjárstuðning ríkisins til óperustarfsemi og því hefur fagmennsku verið mjög ábótavant.



Tryggja þarf að sérþekking og kunnátta þeirra fagmanna á óperusviðinu sem hér búa og starfa sé ráðandi í því rekstrarformi sem ný stofnun mun koma til með að starfa eftir. Einnig þarf að tryggja fullt gagnsæi í rekstri stofnunarinnar, bæði varðandi fjármál og listrænar ákvarðanir.

Óperufagið er ólíkt öllum öðrum sviðslistagreinum á Íslandi að því leyti að hér er ekkert starfsöryggi í boði fyrir þá fjölmörgu sem mennta sig í faginu. Því er það krafa FÍT að stofnun á borð við Þjóðaróperu bjóði söngvurum upp á föst störf í faginu og eðlileg réttindi á vinnumarkaði.

Ópera verður aldrei betri en söngvararnir og hljóðfæraleikararnir sem taka þátt, því verður útgangspunkturinn í allri óperustarfsemi ávallt að vera sá að hlúa að starfs-umhverfi, réttindum og starfsöryggi listamannanna.

*Með vinsemd og virðingu,  
Stjórn FÍT - klassískrar deildar FÍH*

18. janúar 2021.

Í ljósi fréttáflutnings af málefnum Íslensku óperunnar og umræðum um kjaramál óperusöngvara og annarra listamanna sem þar starfa, vill stjórn Bandalags íslenskra listamanna koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri við stjórnvöld og fjölmiðla.

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna telur að stjórnvöldum beri að búa óperustarfsemi á Íslandi sömu umgjörð og rekstrarskilyrði og öðrum opinberum sviðslistastofnunum. Slíkt verður einungis tryggt með því að stofna þjóðaróperu með stoð í lögum um sviðslistir nr. 165/2019. Lagagrundvöllur þjóðaróperu þarf að vera samþærilegur þeim sem gildir um Þjóðleikhúsið og Íslenska dansflokkinn, þar sem hlutverkið er skýrt og fagmennska tryggt.

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna telur það löngu tímabært að koma óperustarfsemi á traustan kjöl opinbers rekstrar, enda ljóst að rekstrarform einkaréttarlegs eðlis hentar ekki jafn viðamikilli menningarstarfsemi og hér um ræðir.

Stjórn BÍL er þess sannfærð að stofnun þjóðaróperu yrði mikið gæfuspor sem tryggt geti heilbrigt starfsumhverfi fyrir óperusöngvara og aðra listamenn sem koma að óperuflutningi á Íslandi.

*Virðingarfyllst*  
*Erling Jóhannesson*  
*Forseti Bandalags íslenskra listamanna*

Móttekið 15. janúar

Til nefndar um stofnun þjóðaróperu.

Við erum stór hópur ungra klassískra söngvara á Íslandi. Hópin myndu bæði söngvarar sem stunda söngnám á háskólastigi, héraendis og erlendis, sem og söngvarar sem nýlega hafa lokið háskólamenntun í klassískum söng. Eitt af því sem við eigum öll sameiginlegt er að vilja hafa sönginn að atvinnu. Tækifærin til þess hér á landi eru af skornum skammti og hafa því íslenskir söngvarar í gegnum tíðina leitað á erlend mið til að elta uppi atvinnu og menntun í greininni. Þjóðarópera gæti fjölgað



atvinnutækifærum héraendis sem og gefið söngvurum aukin tækifæri til þess að öðlast dýrmæta reynslu á óperusviði. Við teljum að stofnun Þjóðaróperu þar sem fagmenntað fólk sitji við stjórnvölinn muni bæta starfsvettvang íslensks tónlistarfólks til muna. Þ.e. söngvarar og aðrir sem hafa góða þekkingu inn í heim óperunnar. Við fögnum því að undirbúningur sé hafinn til stofnunar Þjóðaróperu og lýsum hér með yfir fullum stuðningi.

Áhugi Þjóðarinnar á óperum sést vel á því hversu margir sækja óperusýningar, nema fagið og hve margir Íslendingar starfa við óperufagið um víða veröld. Íslendingar eiga einstaklega hæfileikaríka óperusöngvara sem margir hverjir hafa getið sér góðs orðs um allan heim. Mikill vilji er meðal ungra söngvara að starfa héraendis og er því grundvöllurinn til stofnunar Þjóðaróperu sterkur. Þjóðarópera með fjölbreytt úrval sýninga sem höfða til allra aldurshópa myndi auk þess auðga menningarflóruna héraendis og hvetja til áframhaldandi þróunar á listforminu, bæði hvað varðar störf söngvara sem og tækifæri íslenskra tónskálda til að semja óperur fyrir íslenska áhorfendur.

Stofnun Þjóðaróperu gæti gefið ungum söngvurum tækifæri til þess að starfa við óperusöng á Íslandi sem og skapað tækifæri til að öðlast dýrmæta reynslu. Skapa mætti lengra komnum söngnum í bakkalár- eða meistaranámi tækifæri til starfsnáms við óperuna í samstarfi við Listaháskóla Íslands og tónlistarháskóla erlendis. Þá gætu söngnemar annars vegar sungið lítil hlutverk í sýningum óperunnar og hins vegar verið svokallaðir forfallasöngvarar. Slíkt starfsnám væri metið til eininga í háskólanáminu en fyrirkomulag sem þetta er vel þekkt í tónlistarháskólum erlendis.

Hægt væri að auka starfstækifæri söngvara sem nýlega hafa lokið námi með því að starfrækja óperustúdíó innan Þjóðaróperunnar. Einnig væri hægt að setja upp sýningar sem eru minni í sniðum þar sem flest ef ekki öll hlutverkin væru í höndum ungra söngvara. Til dæmis óperur sem höfða sérstaklega til ungra áhorfenda. Þá væri hægt að stofna til samstarfs Þjóðaróperunnar og skólastarfs landsins og bjóða þannig nemendum á ýmsum skólastigum að njóta vinnu söngvaranna.

Undanfarna áratugi hafa fjölmargar óperur verið fluttar á Íslandi af ýmsum hópum listamanna. Íslensk tónskáld hafa samið íslenskar óperur um söguhetjurnar okkar sem heillað hafa áhorfendur upp úr skónum bæði héraendis og á erlendri grund. Ópera er heildarupplifun margra listforma sem sameinast í eitt. Við viljum öll að óperulistin haldi áfram að dafna en ljóst er að eins og ástandið er núna þá er tvísýnt með framtíð listformsins á Íslandi. Því teljum við að stofnun Þjóðaróperu muni ýta undir áframhaldandi grósku og sköpun menningarverðmæta á Íslandi.

Undirrituð lýsa hér með yfir fullum stuðningi við stofnun þjóðaróperu á Íslandi.

*Anna Guðrún Jónsdóttir, Álfheiður Erla Guðmundsdóttir, Ásta Sigríður Arnardóttir, Anna Keil, Ásta Marý Stefánsdóttir, Bergþóra Ægisdóttir, Birgir Stefánsson, Birkir Tjörvi Pálsson, Bryndís Guðjónsdóttir, Brynhildur Þóra Þórsdóttir, Dagbjört Andrésdóttir, Dagný Björk Guðmundsdóttir, Dagur Þorgrímsson, Diljá Huld Pétursdóttir, Elín Arna Aspelund, Elín Bryndís Snorradóttir, Freyja Jónsdóttir, Guðný Ósk Karlsdóttir, Guðrún Brjánsdóttir, Guðný Guðmundsdóttir, Gunnlaugur Bjarnason, Halldóra Ósk Helgadóttir, Harpa Ósk Björnsdóttir, Heiðrún Vala Einarsdóttir, Hekla Karen Alexandersdóttir, Hildur Eva Ásmundardóttir, Hildur Þóra Hallsdóttir, Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir, Íris Björk Gunnarsdóttir, Íris Sveinsdóttir, Íris Henningsson, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Jara Hilmarsson, Jóhann McClure Óðinsson Waage, Jóhann Schram Reed, Jóhanna María Kristinsdóttir, Jóna G. Kolbrúnardóttir, Karl Friðrik Hjaltason, Karólína Lárusdóttir, Kristín Anna Guðmundsdóttir, Kristín Einarsdóttir Mäntylä, Lísar Marý Viðarsdóttir, María Sól Ingólfssdóttir, Marta Kristín Friðriksdóttir Messiana, Halla Kristinsdóttir, Ólafur Freyr Birkisson, Pétur Ernir Svavarsson, Pétur Úlfarsson, Ragnar Pétur Jóhannsson, Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir, Ragnheiður Petra Óladóttir, Ragnhildur Jóhanna Júlíusdóttir, Rosemary Atieno, Salný Vala Óskarsdóttir, Sandra Lind Þorsteinsdóttir, Sigríður Salvarsdóttir, Sigrún Gyða Sveinsdóttir, Sigurbjörg Telma Sveinsdóttir, Silja Elsabet Brynjarsdóttir, Snæfríður Björnsdóttir, Solveig Óskarsdóttir, Steinunn Björg Ólafsdóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Steinunn Þorvaldsdóttir, Una Dóra Þorbjörnsdóttir, Una María Bergmann, Vera Hjördís Matsdóttir, Ylfa Marín Haraldsdóttir, Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir, Þórhildur Steinunn Kristinsdóttir*

Reykjavík, 27. janúar 2021

Greinargerð stjórnar Tónskáldafélags Íslands, lögð fram til Nefndar um stofnun þjóðaróperu.

Stjórn Tónskáldafélags Íslands styður að stofnuð verði þjóðarópera sem myndi leysa Íslensku óperuna ses. af hólmi sem leiðandi aðili í óperuflutningi í landinu og að tryggt verði með lagasetningu heilbrigt starfsumhverfi þeirra listamanna sem innan hennar starfa. Stjórn TÍ vísar þar til og tekur undir yfirlýsingu stjórnar Bandalags íslenskra listamanna frá 18. janúar sl. um þetta efni, enda er félagið aðili að BÍL.

Fjöldi íslenskra ópera og tónleikhúsverka sýnir glögg þann mikla áhuga og metnað sem ríkir meðal íslenskra tónskálda í glímunni við óperuformið. Framleiðsla á íslenskum óperum hefur hingað til að mestu farið fram erlendis eða utan stofnana hér heima og mörg verk bíða enn flutnings.

Almennt má sjá mikla grósku í greininni á undanförunum áratugum beggja vegna Atlants-ála. Stuðningur til nýsköpunar á sviði óperu- og tónleikahúss í nágrannalöndum okkar er bersýnilegur þegar litið er til metnaðar í framleiðslu og fjölda uppsetninga á nýjum óperum. Í andstöðu við þessa þróun í þeim löndum sem við viljum geta borið okkur saman við og þvert á þann áhuga og viðleitni sem íslensk tónskáld hafa sýnt þegar kemur að óperuforminu, hafa tækifærin til framleiðslu og uppsetningar íslenskra óperuverka hér heima verið afar takmörkuð.

Við teljum því brýnt að stuðningur við nýsköpun í greininni verði efldur með aukinni framleiðslu íslenskra óperuverka, listinni og landsmönnum til heilla.

Stjórn Tónskáldafélags Íslands leggur áherslu á mikilvægi þess að með stofnun Þjóðar-óperu verði lagðar þær skyldur á herðar stofnuninni að taka til sýningar a.m.k. eitt nýtt íslenskt verk á ári. Í 1. mgr. 3. gr. laga um Þjóðleikhús segir: „Aðalhlutverk Þjóðleikhússins skal vera flutningur íslenskra og erlendra sjónleika.“

Mikilvægt er að hliðstæð grein verði í lögum um Þjóðaróperu. Ef annað rekstrarform en ríkisstofnun verður valið til að sinna þessu hlutverki ætti að setja sambærilegt ákvæði inn í samning um fjárframlag ríkisins til viðkomandi félags, þ.e. samstarfs-samning ríkis og viðkomandi stofnunar.

Í 13. gr. laga um Þjóðleikhús er vísað til skyldu leikhússins til að fara eftir gildandi kjara-samningum hlutaðeigandi stéttarféлага listamanna þegar kemur að því að stofna til ráðningarsambands við þá. Við teljum nauðsynlegt að í lögum um Þjóðaróperu sé vísað til sams konar skyldu Þjóðaróperu gagnvart listamönnum, að meðtöldum tón-skáldum og líbrettóhöfundum, þegar kemur að samningum um afnot af höfundarverki, þ.e. stórréttindi (e. Grand rights). Til samanburðar má nefna að höfundar leikverka fá greitt fyrir afnot af verkum sínum frá Þjóðleikhúsinu skv. samningum Rithöfundasambands Íslands við Þjóðleikhúsið. Réttindi tónskálda verða að vera varin á sama hátt gagnvart Þjóðaróperu.

Sá fjöldi ópera og tónleikhúsverka eftir íslensk tónskáld sem hefur verið framleiddur erlendis, þ.e. pantaður og fjármagnaður af erlendum aðilum, sýnir fram á að höfundar-verk íslenskra tónskálda á þessu sviði er metið að verðleikum í alþjóðlegu samhengi.

*Virðingarfyllst, Stjórn Tónskáldafélags Íslands;  
Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Páll Ragnar Pálsson, Þuríður Jónsdóttir*

